



HÁSKÓLI
ÍSLANDS

Heimilisfriður: Árangur af meðferð

Viðhorf og reynsla skjólstæðinga og maka til
meðferðarúrræðisins á tímabilinu 2017 til 2023

Janúar 2024



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, janúar 2024
Markmið rannsóknar	Meta árangur af meðferð Heimilisfriðar á árunum 2017 til 2023.

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundar	Ólöf Júlíusdóttir Inga Rún Sæmundsdóttir Guðbjört Guðjónsdóttir Sindri Baldur Sævarsson Ævar Þórólfsson

Efnisyfirlit

1	Helstu niðurstöður	1
2	Inngangur	2
3	Aðferð	4
3.1	Framkvæmd og svörun spurningakannana	4
3.2	Bakgrunnsupplýsingar um svarendur	5
3.3	Úrvinnsla meginlegra gagna	7
3.4	Eigindleg gagnaöflun, þátttakendur og greining	7
3.4.1	Siðferðisleg álitamál	8
4	Niðurstöður	9
4.1	Fjölskylduaðstæður	9
4.1.1	Börn og ofbeldi	11
4.2	Að hefja meðferð hjá Heimilisfriði	12
4.2.1	Gangast við ofbeldishegðun og leita sér hjálpar	13
4.3	Ofbeldishegðun	14
4.4	Samskipti, lífsgæði, félagsleg virkni	20
4.5	Heilsa og frammistaða í starfi	26
4.6	Heildarupplifun af meðferð Heimilisfriðar	28
4.6.1	Bati af meðferð: sjónarhorn gerenda	29
4.6.2	Ákall þolenda eftir stuðningi	30
4.6.3	Hjónabandsráðgjöf, eftirfylgni og niðurgreiðsla meðferðar	31
4.7	Opin svör spurningakannana	32
4.7.1	Opin svör skjólstæðinga	32
4.7.2	Opin svör maka	34
4.8	Samanburður við rannsókn frá árinu 2013	35
4.8.1	Skjólstæðingar	35
4.8.2	Makar	38
5	Lokaorð	40
6	Heimildaskrá	42

Myndaskrá

1	Hefur þú hegðað þér á eftirfarandi hátt gagnvart maka/fyrrverandi? Hlutfall skjólstæðinga sem svaraði játandi, skipt upp eftir því hvort svarandi er enn með sama maka eða ekki	16
2	Hlutfall maka skjólstæðinga sem hefur verið beitt/ur ólíkum tegundum ofbeldis af hendi maka fyrir og eftir upphaf meðferðar maka	17
3	Hlutfall skjólstæðinga sem hefur sýnt maka/fyrrverandi maka mismunandi ógnandi hegðun fyrir og eftir upphaf meðferðar, eftir sambandsstöðu við makann	18
4	Hlutfall maka skjólstæðinga sem hefur verið sýnd mismunandi ógnandi hegðun fyrir og eftir upphaf meðferðar maka	20
5	Þegar á heildina er litið, ertu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t með samskipti þín við eftirtalda aðila? — Skjólstæðingar	21
6	Þegar á heildina er litið, ertu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t með samskipti þín við eftirtalda aðila? — Makar	21
7	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að samskipti þín við eftirtalda aðila séu betri, svipuð eða verri en þau voru áður en þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar	22
8	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að samskipti þín við eftirtalda aðila séu betri, svipuð eða verri en þau voru áður en maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar	22
9	Hversu oft gerir þú eftirfarandi? — Skjólstæðingar	23
10	Hversu oft gerir þú eftirfarandi? — Makar	23
11	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, svipuðum eða minni tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar	24
12	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, svipuðum eða minni tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en maki / fyrrverandi maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar	24
13	Ertu sammála eða ósammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst eftir að þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar	25
14	Ertu sammála eða ósammála að eftirfarandi hegðun hafi breyst hjá maka / fyrrverandi maka þínum eftir að maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar	25
15	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að líkamleg og andleg heilsa sé betri, svipuð eða verri en hún var áður en þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar	27
16	Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að líkamleg og andleg heilsa þín sé betri, svipuð eða verri en hún var áður en maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar	27
17	Hlutfall þeirra sem segja samskipti sín við eftirtalda aðila mun eða heldur betri en áður en þeir hófu meðferð	36
18	Hlutfall þeirra sem segjast verja mun eða heldur meiri tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en þeir hófu meðferð	37

19	Hlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst eftir að þeir hófu meðferð hjá Heimilisfriði	37
20	Hlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst hjá maka/fyrirverandi maka eftir að hann hóf meðferð hjá Heimilisfriði	38
21	Hlutfall þeirra sem segjast verja mun eða heldur meiri tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en maki/fyrirverandi maki hóf meðferð	39

Töfluskrá

1	Framkvæmd könnunar meðal skjólstæðinga Heimilisfriðar	5
2	Framkvæmd könnunar meðal maka skjólstæðinga Heimilisfriðar	5
3	Bakgrunnur skjólstæðinga	6
4	Bakgrunnur maka	6
5	Fjölskyldustaða skjólstæðinga	10
6	Fjölskyldustaða maka	10
7	Hvernig kom það til að þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði?*	12
8	Ertu sem stendur í meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar	12
9	Er maki þinn sem stendur í meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar	12
10	Hve oft hefur þú farið í viðtal hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar	13
11	Myndir þú segja að frammistaða þín í starfi sé betri, svipuð eða verri núna, miðað við áður en maki/fyrirverandi maki þinn hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar	28
12	Hve ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t ert þú með meðferð Heimilisfriðar? — Skjólstæðingar	28
13	Opin svör skjólstæðinga	32
14	Opin svör skjólstæðinga frh.	33
15	Opin svör maka	34
16	Opin svör maka frh.	35



1 Helstu niðurstöður

- Mikil ánægja var með meðferð Heimilisfriðar, bæði á meðal skjólstæðinga og maka þeirra. Viðmælendur voru samhljóma um að meðferðin væri nauðsynleg fyrir þá sem beita ofbeldi í nánum samböndum.
- Dregið hafði úr ofbeldishegðun eftir að meðferð hófst, líkamlegt ofbeldi minnkaði meira en andlegt ofbeldi.
- Samanburður á svörum skjólstæðinga og maka sýnir að makar greina frá hærri tíðni ofbeldis og því gætu skjólstæðingar vanmetið það ofbeldi sem þeir beita.
- Skjólstæðingar Heimilisfriðar lærðu leiðir í meðferð sem gögnuðust þeim til að draga úr ofbeldi.
- Rannsóknin gefur til kynna bætt samskipti og aukna félagslega virkni hjá skjólstæðingum og mökum þeirra eftir að meðferð hófst.
- Rýna þarf betur í áhrif ofbeldis á börn og gæta þess að börn sem búa við heimilisofbeldi fái stuðning.
- Þátttakendur mátu heilsu sína betri eftir að meðferð hófst, sérstaklega andlega heilsu.
- Óskað var eftir heildrænni nálgun við meðferð á heimilisofbeldi og aukinni aðkomu maka.
- Makar þurfa aukinn stuðning þar sem þeir fá meðferð samhliða skjólstæðingi, sem einnig væri niðurgreidd.
- Vísbendingar eru um að úrræðið sé ekki nógu sýnilegt þeim sem gætu þurft að nýta sér það og þarfnist því frekari kynningar.

2 Inngangur

Að beiðni Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands rannsókn með það að markmiði að meta árangur af meðferðarúrræði Heimilisfriðar. Með því að skoða viðhorf og reynslu skjólstaðinga og maka þeirra til úrræðisins. Heimilisfriður er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum og þar er þeim sem beita maka sína ofbeldi boðið upp á sérhæfða sálfræðipjónustu. Meðferðin snýst um að einstaklingar taki ábyrgð á eigin ofbeldishegðun og geti þróað með sér leiðir til að takast á við það sem upp kemur í samskiptum við maka (Heimilisfriður, 2023).

Ofbeldi í nánnum samböndum er lýðheilsุมál sem hefur áhrif á íbúa um allan heim. Ofbeldi gegn konum er faraldur þar sem heimilisofbeldi er meðal helstu dánarorsaka kvenna á heimsvísu (UNODC, 2018; WHO, 2021). Þrátt fyrir að konur og karlar verði bæði fyrir ofbeldi þá eru konur útsettari fyrir heimilisofbeldi en karlar og gerendur eru oftast karlar heldur en konur (Kimmel, 2002). Heimilisofbeldi er ein birtingarmynd kynjakerfisins, það er kynbundið og á þátt í að viðhalda ójöfnum valdatengslum á milli allra kynja á kerfisbundinn hátt (Hearn og Collinson, 2017).

Ofbeldi í nánnum samböndum þrífst á milli einstaklinga í bæði samkynja og gagnkynja samböndum en ákveðin þöggun hefur ríkt í kringum ofbeldi í samkynhneigðum samböndum af ótta við að setja smánarblett á hinsegin samfélagið (Rollè o.fl., 2018). Rollè og félagar (2018) segja menningarlega hugmyndafræði um karlmennsku og kvenleika geta átt þátt í að draga kjarkinn úr samkynhneigðum einstaklingum sem eru í ofbeldissambandi að tala á opinskáan hátt um sína reynslu, t.d. vegna þeirra staðalmyndar að samkynhneigðir karlmenn séu ekki jafn miklir karlmenn og gagnkynhneigðir og að konur séu ekki líkamlega sterkar eða hættulegar.

Heimilisofbeldi hefur í för með sér margþættar neikvæðar afleiðingar fyrir einstaklinginn sem fyrir ofbeldinu verður, aðra fjölskyldumeðlimi (WHO, 2021) og samfélagið í heild sinni. Má nefna skerta þátttöku þolenda á vinnumarkaði, tíð veikindi (Wilcox o.fl., 2021) og kostnað innan heilbrigðiskerfisins (Jónasdóttir o.fl., 2021). Rannsókn Jónasdóttur og féлага (2021) greinir frá því að 1.454 nýjar heimsóknir á Landspítala (LHS) vegna kvenna sem beittar voru ofbeldi í nánnum samböndum á tímabilinu 2005–2014 báru heildarkostnað upp á u.þ.b. 118 milljónir króna. Kostnaður þeirra sem verða fyrir ofbeldi og/eða horfa upp á slíkt er samt alltaf mestur og því mikilvægt að einstaklingar sem beita ofbeldi geti fengið hjálp við að breyta hegðun sinni til hins betra.

Ýmsar meðferðaraðferðir hafa verið þróaðar í viðleitni til að stöðva eða koma í veg fyrir ofbeldi gegn maka, sérstaklega ofbeldi karla gegn konum. Aðferðirnar eru byggðar á ólíkum fræðilegum römmum, en flestar eiga þær uppruna að rekja til Duluth líkansins sem grundað er innan feminísks félags- og menningarlegs ramma og þróað í kringum hugmyndir um kynjakerfið og valdaójöfnuð. Nýlegri inngríp felast í að beita hugrænni atferlismeðferð eða blöndu af þessu tvennu í meðferð gegn ofbeldishegðun (Askeland o.fl., 2021). Rannsóknir hafa sýnt misvísandi niðurstöður á árangri meðferða. Flestar sýna að meðferð sem miðar að því að einstaklingur hætti að beita ofbeldi beri árangur, en aðrar hafa gefið til kynna að árangurinn sé ófullnægjandi eða sýni misvísandi niðurstöður (Eckhardt o.fl., 2013; Karakurt o.fl., 2019; Smedslund o.fl., 2011). Nýleg norsk rannsókn (Askeland o.fl., 2021) á meðferðarúrræði þar í landi sem íslenska meðferðar-

úrræðið Heimilisfriður byggir á, sýndi m.a. að ofbeldi sem karlar í meðferð sögðust beita minnkaði við einstaklingsmeðferð. Að auki kom fram að því fleiri sálfræðitíma sem þeir sóttu þeim mun meiri líkur voru á að þeir hættu að beita mána líkamlegu ofbeldi að lokinni sálfræðimeðferð (1,5 ár frá því að meðferð lauk). Meðferðin dugði aftur á móti síst til að koma í veg fyrir andlegt ofbeldi gegn kvenkyns maka.

Úttekt sem gerð var á meðferðarúrræðinu Heimilisfriður hér á landi árið 2013 (hét þá Karlar til ábyrgðar) sýndi að karlar sem sóttu meðferð sögðu að ofbeldisatvikum fækkaði verulega eftir að þeir sóttu meðferð (Ásdís A. Arnalds o.fl., 2014). Einnig kom fram að kvenkyns makar voru almennt ánægðar með úrræðið og sögðu að dregið hafi úr ofbeldinu, sérstaklega líkamlega ofbeldinu, eftir að maki þeirra eða kærasti hóf meðferð hjá Körlum til ábyrgðar. Núverandi rannsókn byggir á rannsókninni frá árinu 2013.

Rannsóknin á meðferðarúrræði Heimilisfriðar nær til þeirra sem leituðu sér meðferðar á árunum 2017–2023 og maka þeirra. Notast var við blandaða aðferð þar sem spurningakönnun var lögð fyrir þátttakendum og 11 viðtöl tekin við einstaklinga sem höfðu svarað könnun.

Rannsókn þessi hefði ekki verið framkvæmanleg nema vegna allra þeirra þátttakenda sem lögðu henni lið og gáfu sér tíma til að svara spurningakönnunum og ræða við einn af rannsakendum um sína reynslu og upplifun af úrræðinu. Fá þeir bestu þakkir fyrir.

Í köflunum hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir aðferð, framkvæmd og þátttakendum rannsókna. Því næst eru niðurstöður kannana fyrir skjólstæðinga og maka og greining einstaklingsviðtala kynntar, síðan er gerður samanburður á milli núverandi niðurstaðna á meðferðarúrræði Heimilisfriðar við úttekt frá árinu 2013. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman og komið fram með hagnýtar ábendingar sem byggja á niðurstöðum rannsóknarinnar.

3 Aðferð

Rannsóknin beindist að skjólstæðingum Heimilisfriðar á árunum 2017 til 2023. Öllum sem nýttu sér meðferðarúrræðið á þessu tímabili, ásamt mökum þeirra þar sem það átti við, var boðið að taka þátt í rannsókninni.

Notast var við eigindlegar og megindlegar aðferðir í rannsókninni. Í megindlega hluta rannsóknarinnar var gagna aflað með spurningakönnun meðal þeirra sem sótt höfðu meðferð hjá Heimilisfriði og maka þeirra. Í eigindlega hluta hennar var gagna aflað með því að taka einstaklingsviðtöl við skjólstæðinga Heimilisfriðar annars vegar og maka hins vegar. Megindlegar niðurstöður gefa upplýsingar um tíðni og tengsl milli breyta en niðurstöður eigindlegra rannsókna eru til þess fallnar að dýpka skilning á efninu sem um ræðir. Einstaklingsviðtölin veita þannig upplýsingar um hvað sé mikilvægt fyrir þátttakendur, hvaða merkingu þeir leggja í rannsóknarefnið og hvernig þeir skilja og skilgreina tiltekna hluti (Aurini, Heath og Howells, 2016). Í viðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rannsakandinn hvetur viðmælanda til að tala um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur honum jafnframt tækifæri á að tala frjálsglega út frá eigin sjónarhorni. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakenda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama (Kvale og Brinkmann, 2009).

3.1 Framkvæmd og svörun spurningakannana

Í heildina var 392 einstaklingum boðin þátttaka í rannsókninni. Starfsfólk Heimilisfriðar sá um að finna upplýsingar um tilvonandi þátttakendur, en það var fólk sem hafði nýtt sér meðferðarúrræði Heimilisfriðar og það fólk sem var skráð sem makar viðkomandi þegar meðferð hófst (hér eftir vísað til sem „makar“ þótt þau geti einnig verið fyrrverandi makar viðkomandi). Send voru kynningarbréf til 392 einstaklinga, 265 skjólstæðinga sem höfðu verið í meðferð á árunum 2017–2023 og 130 maka þeirra, þar sem markmið og framkvæmd rannsóknarinnar var kynnt. Þau sem ekki vildu taka þátt var bent á að hafa samband við Heimilisfrið innan tiltekins tímafrests. Ef bréf voru endursend, það er að móttakandi fannst ekki á heimilisfanginu, voru þeir aðilar teknir af þátttökulista. Framkvæmdaraðili rannsóknarinnar fékk ekki upplýsingar um hverjir neituðu að taka þátt í rannsókninni eða höfðu ekki tækifæri á að neita.

Af 265 skjólstæðingum áttu þrjár aðilar ekki heima í úrtakinu þar sem svör þeirra gáfu til kynna að þeir hefðu ekki verið skjólstæðingar Heimilisfriðar. Heildarfjöldi skjólstæðinga var því 262. Af þeim voru 63 sem annað hvort afþökkuðu að taka þátt eða bréf þeirra voru endursend. Af 130 mökum voru 38 aðilar sem það sama átti við um. Endanlegt úrtak sem Félagsvísindastofnun reyndi að hafa samband við taldi því 291 aðila, þar af 199 skjólstæðingar og 92 makar. Spyrjar á vegum Félagsvísindastofnunar hringdu í alla aðila í endanlegu úrtaki þar sem þeim var boðið að svara könnun í síma eða gefa upp netfang sitt og fá könnunina senda í tölvupósti. Spurningalistarnir tveir, annars vegar fyrir skjólstæðinga og hins vegar fyrir maka, byggja á þeim sem voru notaðir í rannsókninni frá árinu 2013, þó með nokkrum breytingum. Endanleg útgáfa spurningalistanna var unnin af rannsakendum Félagsvísindastofnunar í samvinnu við verkkaupa. Hægt var að svara báðum spurningalistum á íslensku eða ensku.

Spurningalistarnir voru lagðir fyrir í síma og á netinu dagana 3. apríl – 5. maí 2023.

Heildar svarhlutfall (brúttó) meðal skjólstæðinga var um 29% og meðal makanna var samsvarandi svarhlutfall 28%. Meðal endanlegs úrtaks Félagsvísindastofnunar var svarhlutfall skjólstæðinga (nettó) 38% og svarhlutfall makanna 40% (sjá töflur 1 og 2).

Tafla 1. Framkvæmd könnunar meðal skjólstæðinga Heimilisfriðar

Upplýsingasöfnun	3. apríl til 5. maí 2023
Framkvæmdarmáti	Síma- og netkönnun
Fjöldi í þýði	262
Fjöldi í úrtaksramma	199
Fjöldi svarenda	75
Brúttó svarhlutfall	29%
Nettó svarhlutfall	38%

Tafla 2. Framkvæmd könnunar meðal maka skjólstæðinga Heimilisfriðar

Upplýsingasöfnun	3. apríl til 5. maí 2023
Framkvæmdarmáti	Síma- og netkönnun
Fjöldi í þýði	130
Fjöldi í úrtaksramma	92
Fjöldi svarenda	37
Brúttó svarhlutfall	28%
Nettó svarhlutfall	40%

3.2 Bakgrunnsupplýsingar um svarendur

Tafla 3 veitir upplýsingar um bakgrunn skjólstæðinga eftir kyni, kynhneigð, menntun og stöðu á vinnumarkaði. Meirihluti skjólstæðinga Heimilisfriðar (85%) var karlar og sagðist stærstur hluti svarenda vera gagnkynhneigður, eða 94%. Rétt tæpur helmingur skjólstæðinga hafði lokið háskólanámi og meirihluti svarenda var starfandi eða í námi (88%) (sjá töflu 3).

Meðal maka var meirihluti svarenda konur (92%) og var stærstur hluti makanna gagnkynhneigður, eða 92%. Tveir af hverjum þremur mökum hafði lokið háskólanámi og voru nærri fjórir af hverjum fimm makanna í starfi eða námi og þar af leiðandi um fimmtungur hvorki í starfi né námi (sjá 4).

Tafla 3. Bakgrunnur skjólstæðinga

	Fjöldi	Hlutfall
<i>Kyn</i>		
Karl	57	85%
Kona	10	15%
Kvár	0	0%
Annað	0	0%
<i>Kynhneigð</i>		
Gagnkynhneigð	63	94%
Samkynhneigð	0	0%
Annað	4	6%
<i>Menntun</i>		
Grunnskólanám eða starfsnám	11	17%
Nám á framhaldsskólastigi	23	35%
Grunnám eða nám í sérskóla á háskólastigi	17	26%
Framhaldsnám í háskóla	15	23%
<i>Staða á vinnumarkaði</i>		
Starfandi eða í námi	59	88%
Hvorki starfandi né í námi	8	12%

Fjöldi þátttakenda sem svöruðu ekki bakgrunnsspurningum var ýmist 5 eða 6.

Tafla 4. Bakgrunnur maka

	Fjöldi	Hlutfall
<i>Kyn</i>		
Karl	3	8%
Kona	33	92%
Kvár	0	0%
Annað	0	0%
<i>Kynhneigð</i>		
Gagnkynhneigð	33	92%
Samkynhneigð	0	0%
Annað	3	8%
<i>Menntun</i>		
Grunnskólanám eða starfsnám	8	22%
Nám á framhaldsskólastigi	4	11%
Grunnám eða nám í sérskóla á háskólastigi	12	33%
Framhaldsnám í háskóla	12	33%
<i>Staða á vinnumarkaði</i>		
Starfandi eða í námi	28	78%
Hvorki starfandi né í námi	8	22%

Einn þátttakandi svaraði ekki bakgrunnsspurningunum

3.3 Úrvinnsla meginlegra gagna

Í niðurstöðukafla skýrslu eru töflur og myndir sem birta dreifingu svara við spurningum kannana og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Svör voru greind með viðeigandi tölfræðiaðferðum. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Vegna þessa getur einnig verið mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu eða mynd. Í einhverjum tilvikum kunna samanlagðar hlutfallstölur í töflum að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar aukastafa. Athygli er vakin á því að um fáa svarendur var að ræða og geta því litlar breytingar á fjöldatölum orsakað töluverða breytingu á hlutfallstölum.

Þegar samanburður var gerður á niðurstöðum fyrra úrræðis (Karlur til ábyrgðar) og Heimilisfriðar, var notað Z-próf þar sem metið var hvort tölfræðilega marktækur munur var á hlutföllum þessara tveggja hópa. Hafa skal í huga að spurningakannanirnar voru ekki sambærilegar að öllu leyti. Ástæður þess eru m.a. að skjólstæðingahópur Heimilisfriðar er fjölbreyttari og þ.a.l. ef til vill tegundir ofbeldisins líka.

Í viðauka eru bakgrunnstöflur þar sem svör skjólstæðinga eru greind eftir fjölda viðtala og menntun. Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkingum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra skjólstæðinga Heimilisfriðar. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin óg. merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Svör maka voru ekki greind eftir bakgrunni vegna fámennis.

3.4 Eigindleg gagnaöflun, þátttakendur og greining

Við eigindlega gagnaöflun voru tekin í heildina 11 einstaklingsviðtöl. Sex viðtöl voru tekin við skjólstæðinga eða fyrrverandi skjólstæðinga Heimilisfriðar og fimm við maka eða fyrrum maka þeirra. Í hópi skjólstæðinga voru tvær konur og fjórir karlar en á meðal maka voru fjórar konur og einn karl. Tekin voru sex viðtöl við skjólstæðinga, í stað fimm eins og lagt var upp með, þar sem viðmælandi í hópi skjólstæðinga sagðist vera þolandi ofbeldis en hafi fengið nokkur viðtöl hjá Heimilisfriði þó að meðferðaraðili teldi hann í raun ekki eiga heima í úrræðinu.

Við val á þátttakendum var haft samband við þá sem höfðu samþykkt að koma í viðtal í spurningakönnun. Viðtölin fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað í september og október 2023. Viðtölin voru flest um 50 mínútur að lengd, þau voru hljóðrituð með leyfi viðmælenda og afrituð frá orði til orðs.

Viðtalsrammi var notaður í viðtölunum þar sem skjólstæðingar voru spurðir nánar út í reynslu sína af meðferð. Spurt var út í bataferlið og samskipti þeirra við maka, fjölskyldu og vini og hvort eitthvað mætti bæta í meðferð. Makar voru spurðir út í upplifun sína

á því að maki sótti meðferð hjá Heimilisfriði og hvort og hvernig batinn birtist þeim. Þá var spurt út í samskipti þeirra við maka, fjölskyldu og vini og hvort eitthvað mætti bæta þegar maki er í meðferð, svo eitthvað sé nefnt. Viðmælendur fengu einnig tækifæri til að ræða það sem þeim fannst skipta mestu máli fyrir rannsóknina.

Þátttakendur í viðtalsrannsókn voru nokkuð fjölbreyttir. Konurnar og karlarnir voru á aldursbilinu 30–55 ára og áttu flest þeirra börn. Sumir voru virkir á vinnumarkaði, einhverjir voru í endurhæfingu og aðrir í námi. Þrír viðmælendur voru enn í sambandi með þeim aðila sem þeir voru með áður en leitað var til Heimilisfriðar.

Eiginleg gagnagreining fólst í því að hvert viðtal var lesið vandlega yfir og þemu eða meginatriði dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð kallast kóðun (Esterberg, 2002). Í skrifum upp úr viðtölunum var þess gætt að ekki væri hægt að rekja það sem þar kom fram til einstakra þátttakenda (Creswell, 2012).

3.4.1 Siðferðisleg álitamál

Í rannsóknum er sú regla almennt viðhöfð að halda trúnaði við þátttakendur og tryggja persónuvernd. Þetta er sérstaklega mikilvægt í rannsóknum sem snúa að viðkvæmum málafnum líkt og á við um þessa rannsókn (Sigurður Kristinsson og Arnrún Halla Arnórsdóttir, 2021). Ein af siðferðislegum áskorunum rannsóknarinnar er að um viðkvæmt málafni er að ræða þar sem meðferðaraðilar hafa lofað skjólstæðingum og mökum trúnaði. Það kom þeim því á óvart að fá boð um þátttöku í rannsókn á meðferð Heimilisfriðar. Úrræðið er niðurgreitt af stjórnvöldum og því þarf að vera unnt að meta árangur þess og nauðsynlegt að fá fram sjónarhorn notenda þjónustunnar og maka þeirra. Mikilvægt er að skjólstæðingar og makar séu upplýstir um það við upphaf meðferðar að þeim gæti boðist þátttaka í rannsókn vegna slíkrar úttektar.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á árangri af meðferðarúrræði Heimilisfriðar og viðhorfum skjólstæðinga og maka til úrræðisins á tímabilinu 2017 til 2023. Niðurstöðum spurningakannana er fléttað saman við niðurstöður viðtala sem tekin voru við skjólstæðinga Heimilisfriðar og maka þeirra. Í lok spurningakannana gafst svarendum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum um meðferðarúrræðið, þau svör eru tekin saman í töflum í lok niðurstöðukafla. Í kaflanum er einnig samanburður við rannsókn sem var framkvæmd árið 2013.

Í greiningu eru svör skjólstæðinga og maka borin saman þegar það á við. Hafa ber í huga að ekki þarf að vera að báðir aðilar í sambandi hafi svarað könnuninni og svarendur í hópi skjólstæðinga eru talsvert fjölmennari en svarendur í hópi maka. Þannig þarf ekki að vera að reynsla skjólstæðinga og maka rími saman þar sem þau eru ekki að svara fyrir sömu sambönd. Í niðurstöðum er talað ýmist um skjólstæðing og maka eða þolanda og geranda.

4.1 Fjölskylduaðstæður

Töflur 5 og 6 sýna hjúskaparstöðu skjólstæðinga og maka og upplýsingar um börn þeirra. Ríflega helmingur skjólstæðinga (56%) var í sambandi (í hjónabandi, sambúð eða sambandi en ekki sambúð), en alls var 31% í hjónabandi. Meirihluti þeirra skjólstæðinga sem sagðist vera í sambandi (85%) var enn í hjónabandi/sambandi með sama aðila og þegar þeir hófu meðferð hjá Heimilisfriði. Nærri þrjú af hverjum fjórum skjólstæðingum áttu börn eða stjúpbörn undir 18 ára aldri (73%). Í 42% tilvika bjuggu börnin alfarið á heimili skjólstæðinga en í 48% tilfella bjuggu börn eða stjúpbörnin á heimili skjólstæðinga og á öðru heimili. Lítil hluti skjólstæðinga átti börn sem bjuggu alfarið á öðru heimili (10%) (sjá töflu 5).

Stór hluti maka/fyrrverandi maka (87%) var í sambandi (í hjónabandi, sambúð eða sambandi en ekki sambúð) og af þeim hópi voru nær allir enn í hjónabandi/sambandi með sömu manneskju (97%). Um 81% maka átti börn eða stjúpbörn undir 18 ára aldri. Meðal þeirra sem áttu börn eða stjúpbörn bjuggu börnin alfarið á þeirra heimili í 80% tilfella, en þetta hlutfall er tvöfalt hærra en meðal skjólstæðinga (42%).

Tafla 5. Fjölskyldustaða skjólstæðinga

	Fjöldi	Hlutfall
Hjúskaparastaða		
Einhleyp/ur/t - hef aldrei verið í hjónabandi	16	23%
Í sambandi (en þó ekki í sambúð)	7	10%
Í sambúð	11	15%
Í hjónabandi	22	31%
Fráskilin/nn/ð – skilin/nn/ð að borði og sæng	15	21%
Ekill/ekkja	0	0%
Í hjónabandi/sambandi með sömu manneskju?*		
Já	34	85%
Nei	6	15%
Átt þú börn/stjúpbörn yngri en 18 ára?		
Já	52	73%
Nei, en á eldri börn / stjúpbörn	6	8%
Nei, á ekki börn / stjúpbörn	13	18%
Býr barnið á heimilinu?*		
Já, alfarið	22	42%
Já, bæði á heimili mínu og á öðru heimili	25	48%
Nei, alfarið á öðru heimili	5	10%

* Aðeins þeir sem voru í sambandi/sambúð/hjónabandi fengu spurninguna. Einn þátttakandi svaraði ekki til um hjúskaparstöðu. ** Aðeins þeir sem eiga börn yngri en 18 ára fengu þessa spurningu.

Tafla 6. Fjölskyldustaða maka

	Fjöldi	Hlutfall
Hjúskaparastaða		
Einhleyp/ur/t - hef aldrei verið í hjónabandi	1	3%
Í sambandi (en þó ekki í sambúð)	3	8%
Í sambúð	8	22%
Í hjónabandi	21	57%
Fráskilin/nn/ð – skilin/nn/ð að borði og sæng	4	11%
Ekill/ekkja	0	0%
Í hjónabandi/sambandi með sömu manneskju?*		
Já	31	97%
Nei	1	3%
Átt þú börn/stjúpbörn yngri en 18 ára?		
Já	30	81%
Nei, en á eldri börn / stjúpbörn	4	11%
Nei, á ekki börn / stjúpbörn	3	8%
Býr barnið á heimilinu?*		
Já, alfarið	24	80%
Já, bæði á heimili mínu og á öðru heimili	6	20%
Nei, alfarið á öðru heimili	0	0%

* Aðeins þeir sem voru í sambandi/sambúð/hjónabandi fengu spurninguna. ** Aðeins þeir sem eiga börn yngri en 18 ára fengu þessa spurningu.

4.1.1 Börn og ofbeldi

Flestir viðmælendur áttu börn eða stjúpbörn. Börn horfðu upp á ofbeldi á heimilinu og voru dregin inn í ofbeldi með beinum og óbeinum hætti. Það er að segja að börn upplifðu að talað væri á niðrandi og ljótan hátt um annað foreldrið og talað um börnin þegar ofbeldi átti sér stað á heimilinu og þeim þannig blandað í ofbeldið. Viðmælandi sagði: „Í hverjum mánuði var eitthvað erfitt, erfitt rifrildi og oft svona alveg fyrir framan börnin.“ Í einhverjum tilvikum hafði ofbeldið beinst að börnunum sjálfum. Þolandi ofbeldis lýsti hvernig sambýlismaður flækti dóttur hennar í þeirra sambandslit með því að hreyta í barnið illyrðum um móðurina:

Og eitt skiptið þá kom hann heim og gargaði yfir mig í raun og veru, en var samt aðeins að beina orðum sínum að dóttur minni. Og segir bara eitthvað þú veist: „Mamma þín er ógeð og hún er hóra og tussa, og hún er bara búin að eyðileggja líf mitt og kremja í mér hjartað, og lifa á mér eins og sníkjudýr.“

Móðir ungra barna, þolandi ofbeldis, sagði að ofbeldið hefði ekki beinst beint að börnunum en þau urðu vitni að því þegar faðir þeirra sýndi ógnandi hegðun á heimilinu. Henni fannst erfið tilhugsun að hann hafi sýnt þessa hegðun fyrir framan börnin, hún sagði:

...mér fannst það eiginlega versta við þetta, þarna síðasta atvikið, þú veist hann missti alveg algjöra stjórn á sér fyrir framan börnin og var að smá blanda þeim inn í rifrildið. [...] Það var ekkert ofbeldi gegn þeim, en það er verið að öskra fyrir framan þau og tala illa um mig, og brjóta og bramla hluti, þú veist fyrir framan þau.

Faðir lýsti hvernig hann fann að ofbeldið sem hann beitti var farið að hafa áhrif á börnin sem var jafnframt hvatinn að því að hann leitaði sér hjálpar. Börnin voru farin að forðast föður sinn því þau vissu sjaldan í hvernig skapi hann var þann daginn:

Þegar ég kom heim úr vinnunni og svona þá forðuðu börnin sér inn í herbergi, vildu voða lítið við mig tala og þetta var alltaf spurning um það hvort að pabbi verði reiður eða ekki þannig að ég bara ákvað að reyna að gera eitthvað í mínum málum.

Stundum höfðu þör reynt að fela ofbeldið og rifrildin fyrir börnunum með því að fara út af heimilinu þegar til ágreinings kom. Viðmælandi sagði að hún og maðurinn hennar hafi reglulega farið út í bíl til að rífast ekki fyrir framan börnin, en börnin vissu hvað var að gerast eins og hún sagði frá:

Maður er svo blindur, en þetta tímabil var mjög erfitt fyrir börnin, ég veit það eftir á. Þrátt fyrir að maður hélt að maður væri að hlífa þeim með því að fara út af heimilinu [að rífast]. [...] En það var bara ekki málið. Þau bara algjörlega skynjuðu þetta og voru bara tiplandi á tánum og mjög hrædd sko, ég veit það núna eftir á.

Börn viðmælenda voru sum hver í sálfræðimeðferð þar sem ofbeldi á heimili var meðal annars rætt og voru foreldrar áhyggjufullir yfir ofbeldinu sem börnin höfðu orðið vitni að.

4.2 Að hefja meðferð hjá Heimilisfriði

Í könnun var spurt hvernig það kom til að skjólstæðingar hófu meðferð hjá Heimilisfriði. Tæplega helmingur (48%) sagðist hafa komið að eigin frumkvæði en næst algengast var að maki hafði bent þeim á úrræðið (31%) eins og sjá má í töflu 7.

Tafla 7. Hvernig kom það til að þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði?*

	Fjöldi	Hlutfall
Ég kom að eigin frumkvæði	34	48%
Maki benti á	22	31%
Sálfræðingur, félagsráðgjafi, læknir eða annar sérfræðingur benti á	10	14%
Starfsfólk Kvennaathvarfsins/Bjarkarhlíðar eða lögregla benti á	6	8%
Fjölskyldumeðlimur/vinur/kunningi/vinnufélagi benti á	5	7%
Einhver annar benti á	6	8%
Fjöldi sem svarar spurningu	71	
Vil ekki svara	1	
Fjöldi alls	72	

* Hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika, því eru fleiri svör en svarendur. Hlutföll eru reiknuð á grundvelli fjölda svarenda (ekki fjölda svara).

Svarendur könnunar höfðu verið í meðferð hjá Heimilisfriði á árunum 2017–2023 og því misjafnt hvort þeir voru enn í meðferð þegar þeir svöruðu könnun. Þriðjungur skjólstæðinga var í meðferð þegar þeir svöruðu könnun (sjá töflu 8). Sama hlutfall mátti sjá í svörum maka þegar þeir merktu við hvort makar þeirra væru í meðferð, um þriðjungur sagði maka sína vera í meðferð (sjá töflu 9).

Tafla 8. Ertu sem stendur í meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar

	Fjöldi	Hlutfall
Já	23	33%
Nei	46	67%
Fjöldi	69	100%
Vil ekki svara	3	
Fjöldi alls	72	

Tafla 9. Er maki þinn sem stendur í meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar

	Fjöldi	Hlutfall
Já	11	34%
Nei	21	66%
Fjöldi	32	100%
Vil ekki svara	0	
Á ekki við	5	
Fjöldi alls	37	

Spurt var um fjölda viðtala sem skjólstæðingar höfðu sótt hjá Heimilisfriði, stór hluti skjólstæðinga (39%) hafði farið í fleiri en tíu viðtöl. Aðeins einn skjólstæðingur merkti við að hafa lokið færri en þremur viðtölum (sjá töflu 10), en sá aðili hafði nýhafið viðtalsmeðferð og því voru viðtölin ekki fleiri.

Tafla 10. Hve oft hefur þú farið í viðtal hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar

	Fjöldi	Hlutfall
Einu sinni eða tvisvar	1	1%
Þrisvar til fimm sinnum	16	23%
Sex til tíu sinnum	26	37%
Oftar en tíu sinnum	27	39%
Fjöldi	70	100%
Vil ekki svara	2	
Fjöldi alls	72	

4.2.1 Gangast við ofbeldishegðun og leita sér hjálpar

Með því að leita til Heimilisfriðar voru gerendur að gangast við að beita aðra ofbeldi sem er stórt skref. Kvenkyns þolandi fannst það „...svona ákveðið skref í því að hann [sambýlismaður] væri að viðurkenna að hann þyrfti hjálp, og þú veist, hann gæti breyst eða þyrfti að breytast.“

Ofbeldi hafði oft þrífist lengi í sambandinu áður en fólk leitaði sér hjálpar. Mörg pör höfðu leitað sér annarrar aðstoðar áður en leitað var til Heimilisfriðar, meðal annars hjá hjónabandsráðgjöfum, prestum og sálfræðingum. Viðmælendur höfðu ekki endilega greint vandann sem ofbeldishegðun. Kona á miðjum aldri sem hafði búið við heimilisofbeldi í um 30 ár sagði MeToo byltinguna hafa átt þátt í að opna augu hennar fyrir ofbeldinu, en hún benti þáverandi maka á að leita til Heimilisfriðar: „...af því þetta MeToo bara vakti mig til umhugsunar og ég fór alveg á fullt þá, [...] þá fékk ég svona viðurkenninguna á hvernig hegðun hans gagnvart mér var í öll, öll okkar ár.“

En það voru ekki allir sem sáu vandann eða voru tilbúnir til að fara í meðferð. Í viðtölunum mátti greina að í þeim tilfellum þegar makar bentu á úrræðið tóku sambýlismenn tillögunni ekki alltaf vel. Þolandi ofbeldis var farinn að efast um að maki hennar hafi mætt í tíma hjá Heimilisfriði: „Svo veit ég ekki hvort hann hafi mætt í alla, þannig að ég, ég er ekki alveg viss svona eftir á.“ Sambýlismaður hennar var orðinn þreyttur á að reyna að laga eitthvað í sambandinu því hann kom ekki auga á erfiðleikana og hún lýsti viðmóti hans á þennan hátt:

Heyrðu, ég fór, ætlaðu ekki að hætta þessu núna? Ég er búinn að fara og, þú veist, er þetta ekki bara komið? Hann var alltaf að bíða eftir: „Hvenær ætlaðu að hætta að fara til prestana? Hvenær eigum við að hætta þessu? Hvenær er þetta komið?“

Viðmælendur höfðu frétt af úrræðinu með ólíkum hætti og oft fyrir tilviljun. Í nokkrum tilvikum hafði lögregla bent á Heimilisfrið eftir að hún var kölluð til á heimili:

Þetta varð þannig að hann missti stjórn á skapi sínu. [Sambandið] hefur verið svona stormasamt í gegnum árin, en svo í eitt skipti missti hann meiri stjórn á skapi sínu og það var það slæmt að ég þurfti að hringja á lögregluna. Og, það var eiginlega bara já, hann var sem sagt handtekinn og var svolítið sjokk. Og í kjölfarið var okkur boðið þetta úrræði.

Karlkyns viðmælandi, gerandi ofbeldis, sagði fyrrverandi kærustu hafa bent honum á úrræðið og hann hafi verið viljugur til þess að fara í meðferð: „Ég var mjög tilbúinn til þess að hérna að bara leita mér hjálpar og ég bara sá það svo rosalega skýrt að þetta var alveg hárrétt hjá henni að ég væri að beita andlegu ofbeldi.“ Þrátt fyrir að þátttakendur séu flokkaðir í skjólstæðinga Heimilisfriðar og maka þá eru mörkin á milli hverjir teljast gerendur og hverjir þolendur stundum óljós. Í einhverjum tilvikum voru viðmælendur sem eru í hópi skjólstæðinga Heimilisfriðar einnig þolendur ofbeldis eða að makar skjólstæðinga fengu einnig meðferð sem gerendur.

Tvær konur í hópi gerenda höfðu báðar haft frumkvæði að því að leita sér hjálpar eftir að makar höfðu sannfært þær um að vera ofbeldisfullar og „hræðilegar manneskjur“:

Hann er að saka mig um allt: líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, allt, bara þakkin. [...] Ég náttúrulega kem þangað inn með það hugarfar sko, mitt hugarfar er náttúrulega þannig að ég er ofbeldismanneskja sko, og bara hvernig laga ég það.

Í meðferð áttuðu þær sig á að ofbeldið sem þær voru sakaðar um að beita var hluti af varnarviðbrögðum sem meðferðaraðilar kölluðu „reactive abuse“, sem gerist þegar einstaklingur hefur verið í óheilbrigðum aðstæðum í langan tíma. Viðmælandi lýsti viðbrögðunum á eftirfarandi hátt:

Ef að ég er beitt ofbeldi og svo beiti ég þínu ofbeldi á móti, en þá er það svona reaction við hinu. Þannig að hann byrjaði og svona, og þá var ég þínu að verja mig með því að beita ofbeldi á móti.

Í samböndum þar sem báðir aðilar beittu ofbeldi, höfðu þeir sem leituðu sér aðstoðar væntingar um að hinn aðilinn myndi í kjölfarið einnig leita sér hjálpar. Frásagnir þessara viðmælenda bentu til þess að hinn aðilinn hefði ekki síður þurft á meðferð að halda, en það gekk ekki eftir að makinn færi einnig í meðferð, eins og viðmælandi sagði frá:

Ég held hann hafi kannski bara ekki verið opinn fyrir þessu. [...] Ég hitti [meðferðaraðilann] og ég fann alveg að [meðferðaraðilanum] fannst hann vera meira svona að beita ofbeldi heldur en ég. En ég ákvað bara að byrja á sjálfri mér og vona að hann mundi fylgja mér eftir. En svo var það ekki þannig.

4.3 Ofbeldishegðun

Í könnunum var spurt um ákveðnar birtingarmyndir ofbeldis, annars vegar sem snúa að líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi og hins vegar andlegu ofbeldi. Spurningarnar ná ekki yfir allar gerðir ofbeldis og var bent á það í opnum svörum. Einnig kom þetta fram


í viðtölunum og þar var annars konar ofbeldishegðun nefnd, til að mynda fjárhagslegt ofbeldi og stöðugt eftirlit í gegnum síma og tölvu: „Ég sá það, ég fór bara inn á settings og sá að það var einhver annar skráður sími inná mína reikninga.“ Karlmaður á miðjum aldri sagði fyrrverandi maka hafa beitt sig fjárhagslegu ofbeldi:

Við erum búin að missa allt fjárhagslega [...] við skilnaðinn þá verður þetta orðið virkilega erfitt, hún tekur út, mjög mikið í skilnaðinum sjálfum hún tekur út mjög mikinn pening út af okkar reikningum.

Í viðtölum við þolendur ofbeldis kom fram að líkamlegt ofbeldi hefði hætt nánast um leið og gerandi hóf meðferð en ekki hefði tekist að uppræta andlega ofbeldið. Þetta er sambærilegt við svör þátttakenda í spurningakönnunum.

Í könnunum voru skjólstæðingar og makar spurðir annars vegar um ofbeldishegðun sem átti sér stað í hefðbundnum mánuði áður en meðferð hófst hjá Heimilisfriði og hins vegar um ofbeldishegðun síðastliðna þrjá mánuði. Settar voru fram fullyrðingar um tegundir líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis, ásamt fullyrðingum um tegundir andlegs ofbeldis. Í spurningunum var hægt að merkja við einn af sex svarmöguleikum, það er hvort hegðun hefði átt sér stað daglega, tvisvar til fjórum sinnum í viku, u.þ.b. einu sinni í viku, tvisvar til þrisvar í hefðbundnum mánuði, einu sinni í hefðbundnum mánuði eða aldrei. Í eftirfarandi umfjöllun er, til einföldunar, eingöngu horft til þess hvort ofbeldi hafi átt sér stað (a.m.k. einu sinni í mánuði) eða ekki (aldrei). Þá eru svörum skjólstæðinga skipt eftir því hvort svarandi var enn í sambandi við sama maka og fyrir meðferð eða ekki. Þessi aðgreining er gerð til að auðvelda samanburð við svör maka þar sem minna en helmingur skjólstæðinga var enn í sama sambandi og fyrir meðferð en meirihluti maka var enn í sama sambandi. Í greiningu á svörum maka um ofbeldisbeitingu eru aðeins tilgreind svör þeirra sem eru enn í sama sambandi vegna smæðar hópsins sem ekki var í sama sambandi.

Svör skjólstæðinga við spurningum um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi má sjá á mynd 1. Nokkrir skjólstæðingar kusu að svara ekki spurningum um ofbeldishegðun. Í hefðbundnum mánuði fyrir meðferð var aðeins algengara að skjólstæðingar sem ekki voru lengur í sambandi með sama maka hefðu beitt líkamlegu ofbeldi en skjólstæðingar sem voru í sambandi með sama maka. Á meðal þeirra sem voru enn með sama maka var algengast að þeir hefðu hótad að vinna maka sínum líkamlegt mein þannig að makinn varð hræddur (28%), að þeir hefðu hrint, þrifið í eða snúið upp á handlegg maka (19%) eða að þeir hefðu hent einhverju á eftir maka eða barið hann með einhverju (16%). Dreigið hafði úr ofbeldishegðun eftir að meðferð hófst og hafði enginn svarandi sem var enn með sama maka beitt því líkamlega ofbeldi sem spurt var um síðastliðna þrjá mánuði. Það sama má segja um hópinn sem er ekki lengur í sambandi með sama maka, nær engin tilfelli um ofbeldishegðun voru tilgreind. Þetta gefur sterklega til kynna að meðferðarúrræði Heimilisfriðar sé áhrifaríkt til að draga úr líkamlegu ofbeldi skjólstæðinga, en þessar niðurstöður þarf þó að skoða í samhengi við svör maka, sem sjá má hér á eftir.




Mynd 1. Hefur þú hegðað þér á eftirfarandi hátt gagnvart maka/fyrirverandi? Hlutfall skjólstæðinga sem svaraði játandi, skipt upp eftir því hvort svarandi er enn með sama maka eða ekki

Hlutfallslega fleiri makar greindu frá líkamlegu ofbeldi í sinn garð samanborið við hlutfall skjólstæðinga sem sagðist hafa beitt samskonar ofbeldi. Það kemur ekki á óvart þar sem algengt er að svarendur hafa tilhneigingu til að fegra svör sín þegar spurt er um viðkvæm og alvarleg málefni á borð við að beita líkamlegu ofbeldi (Bradburn o.fl., 2004). Því er líklegt að svör maka sýni raunsærri mynd af tíðni ofbeldishegðunar. Í hefðbundnum mánuði sögðu 47% að skjólstæðingur hefði hrint sér, þrifið í sig eða snúið upp á handlegg sinn (sjá mynd 2), sem er ríflega tvöfalt hærra en hlutfall skjólstæðinga sem hafði sýnt þá hegðun (19%). Einnig tilgreindi 31% maka að skjólstæðingur hefði hent einhverju á eftir sér eða barið með einhverju en 16% skjólstæðinga viðurkenndu slíka hegðun. Um 30% maka sögðu skjólstæðing hefði hótað að vinna þeim líkamlegt mein, sem er álika og hlutfall skjólstæðinga (28%) sem sagðist hafa hegðað sér á þann hátt. Um 20% maka merkti við að skjólstæðingur hefði þvingað sig (eða reynt að þvinga) til samfara með ofbeldi eða hótunum en enginn skjólstæðingur sagðist hafa beitt slíku ofbeldi. Þessar niðurstöður styðja fyrri ályktun um að skjólstæðingar hafi fegrað svör sín

um líkamlegt ofbeldi, því til að mynda er hótun um ofbeldi ekki jafn alvarleg hegðun og að beita ofbeldi og því líklegt að skjólstæðingar gefi raunsannari mynd af slíkri hegðun sinni.

Þegar makar svöruðu til um ofbeldishegðun skjólstæðinga síðastliðna þrjá mánuði þá lækkaði verulega hlutfall þeirra sem hafði upplifað ofbeldi. Ofbeldið hvarf þó ekki að öllu leyti eins og svör skjólstæðinga gefa til kynna. Þannig lækkaði hlutfall þeirra sem sagði maka hafa hrint sér eða þrifið í sig um meira en helming (úr 47% í 20%). Enginn hafði upplifað að skjólstæðingur henti einhverju á eftir sér eða barði með einhverju (samanborið við tæplega þriðjung fyrir meðferð) og 7% sögðu maka hafa hótað að vinna sér líkamlegt mein (úr 30%). Um 10% sögðu að maki hefði þvingað (eða reynt að þvinga) sig til samfara síðastliðna þrjá mánuði, sem er helmings lækkun úr 20% (sjá mynd 2). Þetta sýnir að þótt líkamlegt ofbeldi hafi ekki horfið að öllu þá dró verulega úr því, sem gefur til kynna að meðferðarúrræðið hafi jákvæð áhrif.




Mynd 2. Hlutfall maka skjólstæðinga sem hefur verið beitt/ur ólíkum tegundum ofbeldis af hendi maka fyrir og eftir upphaf meðferðar maka

Líkt og með spurningu um líkamlegt ofbeldi hefur svörum skjólstæðinga um andlegt ofbeldi verið skipt upp í mynd 3 eftir því hvort svarendur voru enn í sambandi með sama maka og fyrir meðferð eða ekki. Talsvert algengara var að skjólstæðingar beittu andlegu ofbeldi en líkamlegu. Þegar hefðbundinn mánuður fyrir meðferð er skoðaður sést að meirihluti skjólstæðinga (61%) sagðist hafa niðurlægt maka sinn eða móðgað þannig

að makinn varð miður sín. Um 27% hafði enn fremur skemmt eða eyðilagt persónulegar eigur maka og 18% hótaði að vinna sér mein ef maki yfirgæfi sig. Hlutfall þeirra sem hafði sýnt af sér þessa hegðun lækkaði þegar spurt var um hegðun síðustu þrjá mánuði og í flestum tilvikum hafði hegðunin ekki átt sér stað á því tímabili. Hlutfall skjólstæðinga sem sögðust hafa niðurlægt eða móðgað maka sinn síðustu þrjá mánuði var þriðjungur af því sem var fyrir upphaf meðferðar (21% samanborið við 61% áður).

Þegar horft er til þeirra sem eru ekki lengur í sambandi með sama maka sást einnig að talsvert dró úr hegðuninni, þó ekki í jafn miklu mæli og meðal fyrrnefnda hópsins. Þó getur verið snúið að túlka niðurstöður fyrir hópinn sem er ekki lengur í sambandi með sama maka. Sá hópur samanstendur annars vegar af skjólstæðingum sem eru í nýju sambandi og hins vegar af þeim sem eru ekki í sambandi. Í seinna tilvikinu fækkar fjarvera maka tækifærum viðkomandi til að beita ofbeldi gegn maka. Í því ljósi er áhuga-vert að sjá að skjólstæðingar séu engu að síður að beita andlegu ofbeldi, þó sambandi þeirra við fyrrum maka sé lokið, sem getur endurspeglað hve erfitt er að uppræta andlegt ofbeldi. Niðurstöðurnar gefa engu að síður til kynna að meðferðin hafi dregið úr andlegu ofbeldi.




Mynd 3. Hlutfall skjólstæðinga sem hefur sýnt maka/fyrirverandi maka mismunandi ógnandi hegðun fyrir og eftir upphaf meðferðar, eftir sambandsstöðu við makann

Mynd 4 sýnir svör maka við spurningum um andlegt ofbeldi sem þeir höfðu orðið fyrir. Í hefðbundnum mánuði var algengast að svarendur hefðu upplifað að maki niðurlægði þá eða móðgaði þannig að viðkomandi varð miður sín, en 73% maka höfðu upplifað slíka framkomu samanborið við 61% skjólstæðinga sem sögðust hafa hegðað sér á

þann hátt. Tæplega þriðjungur maka hafði orðið fyrir eftirfarandi: maki hótaði að vinna sér mein ef svarandi yfirgæfi hann (31%), maki reiddist þegar svarandi talaði við annað fólk sem maki taldi svaranda geta laðast að (30%) og maki reyndi að hindra samskipti svaranda við fjölskyldu og vini (30%). Dregið hafði úr allri andlegri ofbeldishegðun sem spurningarnar náðu til þegar svarendur mátu hegðun skjólstæðinga á síðustu þremur mánuðum, en í öllum tilvikum nema einu var þó enn slík hegðun til staðar. Þetta er nokkuð ólíkt svörum skjólstæðinga þar sem slík hegðun virtist í mörgum tilvikum hafa þurrkast út. Í svörum maka má sjá að niðurlægjandi eða móðgandi hegðun maka þeirra hafði dregist saman um nærri helming (úr 73% í 38%). Önnur hegðun hafði dregist saman um meira en helming, að frátöldu því að maki reyndi að hindra samskipti viðkomandi við fjölskyldu og vini. Hlutfallslega hafði dregið minnst úr þeirri hegðun, en 21% höfðu upplifað það á síðustu þremur mánuðum samanborið við 30% í hefðbundnum mánuði fyrir meðferð.

Eins og í tilfelli líkamlegs ofbeldis þá virðast skjólstæðingar vanmeta eigin ofbeldishegðun, annað hvort vegna þess að þeir séu að fegra svör sín eða gera sér ekki grein fyrir að tiltekin hegðun sé einhver tegund ofbeldis. Þegar um andlegt ofbeldi ræðir, samanborið við líkamlegt, getur verið erfiðara fyrir fólk að gera sér grein fyrir hvenær hegðun þeirra flokkist sem ofbeldi. Á heildina litið var algengara að skjólstæðingar beittu andlegu ofbeldi en líkamlegu (á báðum tímapunktum) og samkvæmt skjólstæðingum og mökum hafði dregið úr beitingu bæði líkamlegs og andlegs ofbeldis. Þó hafði mun minna dregið úr andlegu ofbeldi en líkamlegu, þá sérstaklega þegar horft er til svara maka. Því virðist vera að meðferðin nái betur að hafa áhrif á líkamlegt ofbeldi en það andlega.



Allir þátttakendur fengu spurninguna. Niðurstöður eru aðeins sýndar fyrir þá sem eru enn í sambandi með sama maka, 1-2 tóku ekki afstöðu til einstakra spurninga.


Mynd 4. Hlutfall maka skjólstæðinga sem hefur verið sýnd mismunandi ógnandi hegðun fyrir og eftir upphaf meðferðar maka

4.4 Samskipti, lífsgæði, félagsleg virkni


Spurt var hve ánægðir eða óánægðir svarendur væru með samskipti sín við ákveðna aðila. Meirihluti skjólstæðinga og maka eru ánægðir með samskipti sín við aðra. Allir voru spurðir um samskipti við ættingja, vini og kunningja en þeir sem svöruðu því játandi að vera í sambandi/hjónabandi eða eiga börn/stjúpbörn fengu spurningar sem sneru að samskiptum við maka og börn. Mikill meirihluti skjólstæðinga var mjög eða frekar ánægður með samskipti sín við börn/stjúpbörn sín (94%). Örlítið lægra hlutfall skjólstæðinga var mjög eða frekar ánægður með samskipti við maka (85%) og við nána ættingja (80%). Hins vegar var aðeins hærri hlutfall skjólstæðinga mjög eða frekar ánægt með samskipti við vini og kunningja (90%) (sjá mynd 5).

Sé litið til svara maka má sjá að um 97% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir með samskipti við börn/stjúpbörn sín. Ánægja með samskipti við maka var heldur minni, en 74% sögðust ánægð með samskiptin. Um 70% maka voru ánægðir með samskipti við nána ættingja og 81% voru ánægðir með samskipti við vini og kunningja (sjá mynd 6). Myndir 5 og 6 sýna að lítil munur er á ánægju maka og skjólstæðinga með samskipti við börn/stjúpbörn en skjólstæðingar voru hins vegar ánægðari með samskipti við maka. Helmingur skjólstæðinga sagðist mjög ánægður með samskipti við maka (50%) sam-anborið við tæplega þriðjung í hópi maka (32%). Þegar rannsóknin er gerð, það er, í öllum tilfellum eftir upphaf meðferðar, virðast samskipti skjólstæðinga og maka við sitt

allra nánast fólk (börn og maka) vera nokkuð góð.



Mynd 5. Þegar á heildina er litið, ertu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t með samskipti þín við eftirtalda aðila? — Skjólstæðingar




Mynd 6. Þegar á heildina er litið, ertu ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t með samskipti þín við eftirtalda aðila? — Makar

Spurt var hvort samskipti svarenda við ýmsa aðila í þeirra lífi hefðu breyst í kjölfar meðferðar. Í öllum tilvikum töldu skjólstæðingar að samskipti væru betri eftir að meðferð hófst. Þeir svarendur sem áttu börn/stjúpbörn eða voru í sambandi/hjónabandi fengu spurningar sem sneru að börnum og maka. Um 77% skjólstæðinga töldu samskipti við börnin/stjúpbörnin betri eftir að þeir hófu meðferð og 85% töldu samskipti við maka betri. Um helmingur skjólstæðinga (51%) sagði samskipti við nána ættingja betri og svipað hlutfall (50%) áleit samskipti við vini og kunningja betri. Mjög lágt hlutfall svarenda taldi samskipti sín hafa versnað við börnin, ættingja eða vini/kunningja og enginn sagði samskiptin við maka hafa versnað (sjá mynd 7).


Sams konar spurning var lögð fyrir maka og þeir spurðir hvort þeirra eigin samskipti við ákveðna aðila hefðu breyst eftir að maki þeirra hóf meðferð hjá Heimilisfriði. Líkt og með skjólstæðinga þá fengu makar aðeins spurningu um samskipti við

börn/stjúpbörn eða maka ef þeir höfðu merkt við að eiga börn/stjúpbörn eða vera í sambandi/hjónabandi. Makar töldu í 55% tilfella að samskipti þeirra við börnin/stjúpbörnin væru betri. Um 75% töldu samskipti við maka betri en áður en hann hóf meðferð en einn svarandi (4%) taldi samskipti við maka hafa versnað til muna eftir að meðferð hófst. Makarnir lögðu einnig mat á breytingar í samskiptum sínum við nána ættingja annars vegar og vini/kunningja hins vegar og var rúmlega helmingur (55%) sem taldi samskiptin betri við nána ættingja og tæplega helmingur (46%) sem taldi samskipti betri við vini og kunningja. Lítil hópur, sem er þó áberandi stærri en á meðal skjólstæðinga, taldi samskipti sín verri við ættingja (9%) og vini/kunningja (9%) (sjá mynd 8).

Þessar niðurstöður gefa til kynna að meðferðin bæti samskiptamynstur skjólstæðinga, þá helst við maka og börn, sem leiðir svo einnig til bættra samskipta við aðra nána aðila í þeirra lífi. Bætt samskipti skjólstæðinga við þeirra nánustu virðast þá einnig hafa áhrif á samskipti maka þeirra við sína nánustu til hins betra.




Mynd 7. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að samskipti þín við eftirtalda aðila séu betri, svipuð eða verri en þau voru áður en þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar




Mynd 8. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að samskipti þín við eftirtalda aðila séu betri, svipuð eða verri en þau voru áður en maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar

Spurt var um tíðni samskipta við vini og kunningja annars vegar og nána ættingja (t.d. foreldra, systkini, ömmu og afa) hins vegar. Um 43% skjólstæðinga sögðust umgangast vini og kunningja daglega eða nokkrum sinnum í viku og svipað hlutfall (40%)

umgekkst nána ættingja daglega eða nokkrum sinnum í viku (sjá mynd 9). Sé litið til svara maka má sjá að þeir umgengust vini, kunningja og ættingja að jafnaði sjaldnar en skjólstæðingarnir. Um fjórðungur maka umgekkst vini og kunningja (24%) og ættingja (25%) daglega eða nokkrum sinnum í viku. Að sama skapi var hlutfall maka sem umgekkst vini og kunningja eða ættingja einu sinni í mánuði eða sjaldnar talsvert hærra en hlutfall skjólstæðinga (sjá mynd 10). Mögulega kemur þessu munur á tíðni samskipta skjólstæðinga annars vegar og maka þeirra hins vegar til vegna tilhneigingu skjólstæðinga til að hindra samskipti maka við fjölskyldu og vini, en fimmtungur maka upplifði enn slíka hegðun síðastliðna þrjá mánuði (sjá mynd 4).



Mynd 9. Hversu oft gerir þú eftirfarandi? — Skjólstæðingar




Mynd 10. Hversu oft gerir þú eftirfarandi? — Makar


Skoðað var hvort breyting hefði orðið á því hve miklum tíma svarendur verðu í samverustundir með vinum eða ættingjum eftir að meðferð hjá Heimilisfriði hófst. Meirihluti skjólstæðinga varði svipuðum tíma með vinum og kunningjum eftir að meðferð hófst (63%) en um þriðjungur varði meiri tíma með þeim. Álíka hlutfall skjólstæðinga sagðist verja svipuðum tíma og áður með nánnum ættingjum (67%) og 27% sögðust hitta þá mun eða heldur meira. Lítil hluti svarenda varði minni tíma með vinum/kunningjum eða ættingjum (sjá mynd 11). Bætt samskiptamynstur hafa mögulega einhver áhrif á aukin samskipti skjólstæðinga við sitt nánasta fólk.

Makar skjólstæðinga voru einnig spurðir út í breytingar á samverutíma með vinum eða ættingjum eftir að maki/fyrirverandi maki þeirra hóf meðferð hjá Heimilisfriði og mátti sjá mesta breytingu í samverutíma með vinum og kunningjum. Um 44% maka vörðu meiri tíma með vinum og kunningjum en álíka hlutfall (47%) varði með þeim svipuðum

tíma og áður. Aðeins færri vörðu meiri tími með nánnum ættingjum (30%). Þennan aukna tíma sem makar verja með vinum og ættingjum má mögulega rekja til þess að talsvert dró úr tilhneigingu skjólstæðinga að hindra samskipti makanna við annað fólk eins og mátti sjá í myndum 3 og 4. Þess skal þó getið að lítill hluti maka (9% og 12%) varði minni tíma með ættingjum eða vinum og er það hlutfall hærra en hjá skjólstæðingum (sjá mynd 12).



Mynd 11. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, svipuðum eða minni tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar




Mynd 12. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að þú verjir meiri, svipuðum eða minni tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en maki / fyrrverandi maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar

Þegar skjólstæðingar voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að hegðun þeirra á ákveðnum sviðum hefði breyst til batnaðar eftir að meðferð þeirra hófst hjá Heimilisfriði kom í ljós að mikill meirihluti taldi svo vera. Fjórar fullyrðingar voru settar fram; um 80% taldi að þeir ættu auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður en fyrir meðferð. Einnig töldu 63% að þeim semdi betur við annað fólk eftir að þeir fóru í meðferð hjá Heimilisfriði. Yfirgnæfandi meirihluti skjólstæðinga sem var í sambandi/hjónabandi var sammála fullyrðingu um að þeir sýndu maka meiri skilning (92%) og 84% þeirra sem áttu börn/stjúpbörn töldu sig vera betra foreldri/stjúpfareldri eftir að meðferð hófst (sjá mynd 13).


Í spurningakönnun fyrir maka var sambærileg spurning um hversu sammála eða ósammála þeir væru að ákveðin hegðun maka/fyrrverandi maka þeirra hefði breyst eftir að hann hóf meðferð hjá Heimilisfriði. Svörin sýna að meirihluti maka taldi að hegðunin hefði breyst til hins betra en þó voru svörin ekki eins afgerandi og þegar skjólstæðingar mátu sína eigin hegðun. Um 73% taldi maka eiga auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður en 21% var því ósammála. Ríflega helmingur (52%) var

sammála fullyrðingu um að maka semdi betur við annað fólk en hér var einnig stór hóp-ur sem sagðist hvorki sammála ná ósammála (42%). Hátt hlutfall svarenda sem var hvorki sammála né ósammála gæti skýrst af því að hér áttu svarendur að meta hegðun sem þeir eru ekki alltaf vitni að hjá maka/fyrirverandi maka. Um 65% voru sammála því að maki/fyrirverandi maki sýndi þeim meiri skilning eftir að meðferð hófst en 18% voru ósammála. Þessi svör eru nokkuð frábrugðin svörum skjólstæðinga en þar voru 92% sammála að þeir sýndu maka meiri skilning og enginn var ósammála fullyrðingunni. Hér ber að hafa í huga að skjólstæðingar svöruðu aðeins spurningunni ef þeir voru í hjónabandi/sambandi en makar svöruðu spurningunni óháð sambandsstöðu og áttu að meta framkomu maka eða fyrirverandi maka og gæti það skýrt að hluta þennan mun á svörum skjólstæðinga og maka. Þegar kom að foreldrahlutverki töldu ríflega fjórir af hverjum fimm mökum að þeirra maki væri betra foreldri/stjúpforeldri eftir að hafa byrjað meðferð hjá heimilisfriði, sem er í miklu samræmi við eigið mat skjólstæðinga á sinni foreldrahæfni (sjá mynd 14).

Þó einhver munur sé á upplifun skjólstæðinga annars vegar og maka þeirra hins vegar þá gefa þessar niðurstöður nokkuð sterkt til kynna að samskipti skjólstæðinga við annað fólk hafi batnað talsvert eftir að hafa hafið meðferð hjá Heimilisfriði.



Mynd 13. Ertu sammála eða ósammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst eftir að þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar



Mynd 14. Ertu sammála eða ósammála að eftirfarandi hegðun hafi breyst hjá maka / fyrirverandi maka þínum eftir að maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar

Í viðtölum ræddu viðmælendur um samskipti sín við fjölskyldu og vini. Þolendur voru margir sammála um að samskipti við fjölskyldu og vini hefðu aukist eftir að gerandi hóf meðferð. Polandi sagði sambýlismann sinn hafa hindrað samskipti hennar við fjölskyldu og vini en hann var sjálfur í töluverðum samskiptum við sitt fólk: „Hann hefur alltaf haft ágætlega mikil samskipti við fjölskylduna sína.“ Eftir að sambýlismaðurinn hóf meðferð veitti hann henni aukið rými til að hitta aðra, hún sagði:

Ég var náttúrulega rosalega einangruð og mátti ekkert tala við neinn. En eftir [að maki hóf meðferð] hef ég alveg farið út með vinkonum og svona. Sem ég gat ekki áður [...]. Ég tala meira í síma við mömmu mína og svona út af því að ég gat það ekki. Ég fékk bara minn tíma sem ég mátti gera það.

Öðrum fannst óþægilegt að vera í samskiptum við ættingja og vini sem vissu af ofbeldinu, því þau voru dæmd fyrir að vera áfram með geranda ofbeldisins. Þetta gerði meðal annars það að verkum að samband við vinkonur varð ekki eins náð og polandi hefði viljað:

Þetta er svo ótrúlega snúin staða, þú veist, það er svo auðvelt að dæma utan frá og maður vill ekki að fólk sé að dæma. [...] Eins og vinkonur mínar, þær eru ekkert búnar að fyrirgefa allt sem hefur gengið á. Þannig að það er mjög svona stirt þarna á milli og ég reyni að tala ekkert um manninn minn við vinkonur mínar af því það er enginn skilningur. Þær vilja bara losna við hann. Þannig að þá bara segi ég frekar ekki neitt og það er líka ekki gott.

Þrýstingur fjölskyldu á polanda um að hún myndi slíta sambandi við ofbeldismanninn hafði öfug áhrif á viðmælanda og gerði það að verkum að hún minnkaði frekar samskipti sín við fjölskyldu:


Þá var mamma rosalega mikið að reyna svona, stífa okkur í sundur. En ég fór bara alltaf í vörn fyrir hans hönd og var bara blind sjálf á hvað hann var ömurlegur. En hérna, núna er mamma að reyna bara að, ekki að reyna að stjórna mér, af því að hún, hún veit af reynslu að ef hún gerir það þá fer ég bara frekar að verja hann og verð líklegast bara ennþá lengur með honum.

Polandi lýsti hvernig samskipti sín við börnin hefðu breyst á verri veg. Við skilnað höfðu börnin snúið baki við móður og tekið alfarið afstöðu með föður: „Ég er að missa börnin frá mér, [...] Hann er enn þá í skemmdarhugleiðingum [...], [eldri dóttir] hún varla talar við mig eftir þennan skilnað.“


4.5 Heilsa og frammistaða í starfi

Þátttakendur voru beðnir um að meta hvort heilsa þeirra hefði breyst eftir að meðferð hófst hjá Heimilisfriði. Tæplega helmingur skjólstæðinga taldi líkamlega heilsu sína mun eða heldur betri (49%) eftir að meðferð hófst og 45% töldu hana svipaða. Talsvert fleiri mátu andlega heilsu sína betri en fyrir meðferð (74%), þar af sagði yfir helmingur að hún væri mun betri (55%) og rúm 19% að hún væri heldur betri (sjá mynd 15).

Makar fengu sambærilega spurningu þar sem þeir mátu breytingar á eigin heilsu eftir að maki þeirra hóf meðferð. Um 44% töldu líkamlega heilsu sína betri en áður en 14% töldu hana verri. Ríflega tveir af hverjum þremur svarendum töldu andlega heilsu sína hafa batnað (69%) en 17% sögðu hana hafa versnað (sjá mynd 16). Þessi bættu andlega heilsa, bæði skjólstæðinga og maka, tengist mögulega betri samskiptum og lægri tíðni ofbeldis.



Mynd 15. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að líkamleg og andleg heilsa sé betri, svipuð eða verri en hún var áður en þú hófst meðferð hjá Heimilisfriði? — Skjólstæðingar



Mynd 16. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að líkamleg og andleg heilsa þín sé betri, svipuð eða verri en hún var áður en maki hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar

Polendur höfðu oft leitað eftir sálrænni aðstoð og stuðningi, eftir að maki fór í meðferð hjá Heimilisfriði sem skýrir mögulega að hluta hvers vegna þeim var farið að líða betur eftir að maki fór í meðferð. Þau, konur og karlar, höfðu sjálf leitað sér hjálpar víða eins og hjá Stígamótum, Bjarkarhlíð, Kvennaathvarfinu og Dreka-slóð sem hefur núna verið lokað. Ein las mikið af bókum og öðru efni sem var hjálplegt sambandinu: „Mér fannst ég allavega læra mjög mikið á því. Ég bara, hlutir sem að ég tók inn í sambandið og fyrir sjálfa mig.“ Annar viðmælandi sagði eftirfarandi um heilsu sína: „Mér finnst andlega og líkamlega heilsan mín, bara kannski líkamlega heilsan bara svipuð, hún hefur aldrei verið eitthvað slæm. En andlega heilsan, klárlega bara miklu betri.“

Makar voru spurðir sérstaklega út í frammistöðu í starfi eftir að maki þeirra hóf meðferð hjá Heimilisfriði. Yfir helmingur maka fann fyrir litlum breytingum á frammistöðu sinni í starfi. Meirihluti svarenda (60%) taldi frammistöðuna svipaða og áður, en að mati 23% svarenda var frammistaðan betri og 6% töldu hana verri (sjá töflu 11).

Tafla 11. Myndir þú segja að frammistaða þín í starfi sé betri, svipuð eða verri núna, miðað við áður en maki/fyrrverandi maki þinn hóf meðferð hjá Heimilisfriði? — Makar

	Fjöldi	Hlutfall
Mun betri	4	■ 13%
Heldur betri	6	■ 20%
Svipuð	18	■ 60%
Heldur verri	1	■ 3%
Mun verri	1	■ 3%
Fjöldi	30	100%
Á ekki við, er ekki á vinnumarkaði	5	
Vil ekki svara	2	
Fjöldi alls	37	

4.6 Heildarupplifun af meðferð Heimilisfriðar

Spurt var um ánægju með meðferð Heimilisfriðar í könnun skjólstæðinga og var mikill meirihluti þeirra ánægður með meðferðina eða hátt í níu af hverjum tíu svarendum. Aðeins einn svarandi (1%) sagðist óánægður með meðferðina (sjá töflu 12).

Tafla 12. Hve ánægð/ur/t eða óánægð/ur/t ert þú með meðferð Heimilisfriðar? — Skjólstæðingar

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð/ur/t	44	■ 62%
Frekar ánægð/ur/t	18	■ 25%
Hvorki ánægð/ur/t né óánægð/ur/t	8	■ 11%
Frekar óánægð/ur/t	0	0%
Mjög óánægð/ur/t	1	■ 1%
Fjöldi	71	100%
Vil ekki svara	1	
Fjöldi alls	72	

Ánægja með Heimilisfrið var mikil og voru viðmælendur samhljóma um að meðferð Heimilisfriðar væri bæði nauðsynleg og gott úrræði fyrir þá sem beita ofbeldi í nánnum samböndum: „Mér finnst þetta bara frábært úrræði að þetta sé í boði og einhver sé að taka þetta að sér.“ Hjá einum þolanda ofbeldis kom fram að erfitt væri að ræða heimilisofbeldi nema vera dæmdur, en hjá Heimilisfriði upplifðu hún og maki hennar hið gagnstæða: „En mér fannst eins og þarna hafi hann ekki verið dæmdur og hafi bara svolítið fengið svona [...] spark í rassinn en það var samt gert vel.“

Gerandi ofbeldis vonaðist til að Heimilisfriður fengi að vaxa og dafna: „Þau komu mér á rétta braut og herna hjálpuðu mér rosalega mikið og bara einhverju leyti björguðu minni geðheilsu og ég bara vil að þau viti það.“

4.6.1 Bati af meðferð: sjónarhorn gerenda

Í viðtölunum sögðust gerendur ofbeldis allir hafa fundið fyrir bata eftir að hafa sótt meðferð hjá Heimilisfriði en þeim gekk misvel að tileinka sér breytta hegðun og átta sig á að þeir væru að beita ofbeldi eins og karlkyns viðmælandi sagði frá:

Ég var enn þá í ákveðnum mótþróa: „Já ég veit að ég haga mér svona en þú verður að taka með inn í reikninginn hvað hún sagði“ sko allskonar svona sem að við náðum að vinda ofan af eða [meðferðaraðili] náði að vinda ofan af með mér.

Heimilisfriður hefur hjálpað skjólstæðingum að bera ábyrgð á eigin hegðun og opnað augu þeirra fyrir neikvæðri hegðun og hegðunarmunstri sem þeir voru ekki alltaf meðvitaðir um áður. Einhverjir ræddu aukna meðvitund með því að vísa til þess að ekki mætti gleyma að vanda sig í samskiptum eða leyfa sér að reiðast yfir því sem kæmi þeim ekki við. Afbrýðisemi er til að mynda ein þeirra tilfinninga sem skjólstæðingar voru að glíma við:

Í næsta sambandi á eftir, þá tókst mér út frá því sem að [meðferðaraðili] hafði rætt við mig og sýnt mér, mér tókst bara að bera meiri virðingu fyrir hennar einkalífi, hennar sögu og samskiptum við aðra og aðra menn og annað slíkt.

Skjólstæðingar höfðu fengið ýmis bjargráð um hvernig hægt væri að tækla aðstæður sem gætu komið þeim úr jafnvægi. Þriggja barna faðir sagðist hafa tekið eftir breytingum hjá sjálfum sér strax á fyrstu mánuðum meðferðar og var farinn að bregðast við á annan hátt en hann var vanur. Hann lýsti batanum og verkfærnunum sem hann fékk til að vinna með sjálfan sig:

Ég var farinn að geta stigið út úr aðstæðunum áður en að breytingarnar urðu það alvarlegar að ég væri búinn að missa tökin. Ég bara leyfi ekki fólki að koma mér í þær aðstæður að ég missi tökin ef að ég finn fyrir því að blóðið er farið að sjóða svolítið þá stend ég bara upp og labba út. [...] þessi tól sem að ég fékk hjá þeim til þess að stíga út úr aðstæðunum og horfa á sjálfan mig og aðstæðurnar hlutlaust að það svona hjálpar mér hvað mest.

Bæði skjólstæðingar Heimilisfriðar og makar þeirra sem tekin voru viðtöl við nefndu fleiri samverkandi þætti sem mögulega áttu þátt í bataferlinu. Hluti viðmælenda hafði sótt fundi AA samtakanna og farið í gegnum tólf spora kerfið, AI-Anon, EMTS meðferð, HAM, CoDa, stundað jóga og hugleiðslu. Þessi upptalning gefur vísbendingu um að einstaklingurinn hafi þegar verið byrjaður í sjálfsvinnu og því var þeim ekki alltaf ljóst hvort batinn væri til kominn vegna meðferðar hjá Heimilisfriði eða annars staðar frá: „Ég veit náttúrulega ekki hvað er nákvæmlega hvað, hvort það sé bara AA prógrammið mitt eða hvort það sé sjálfsvinnan eða hvort það sé Heimilisfriður eða hvað það er.“ Að breyta hegðun er verkefni sem tekur aldrei enda þótt viðkomandi sé ekki lengur í Heimilisfriði eins og kom fram: „Ég er aldrei einhvern veginn útskrifaður og þarf ekki að spá í neinu lengur, það er ekki þannig.“

Hluti viðmælenda var ekki lengur í sambandi með þeim aðila sem ofbeldið beindist að þegar þau leituðu sér hjálpar og var markmið meðferðarinnar ekki endilega að „bjarga sambandinu“ sagði gerandi:

Það hefði aldrei orðið einlægt hefði það orðið markmið, markmiðið var að koma þarna til þess að afrugla mig og breyta minni hegðun hvort sem það væri í samskiptum við hana eða bara sáttleika við sjálfan mig.

Á meðal viðmælenda voru þó einnig einstaklingar sem vildu breyta hegðun sinni til að bæta sambandið en ekki skilja: „Ég er svona, veit ekki alveg hvað ég vil. Ég get ekki hugsað mér að hætta með honum en heldur ekki að búa með honum.“

4.6.2 Ákall þolenda eftir stuðningi

Polendur kölluðu eftir heilðrænni nálgun við meðferð gegn ofbeldi í nánnum samböndum. Þeir vildu fá aðstoð fagaðila samhliða meðferð gerenda og vera meiri þátttakendur í meðferðinni. Á meðan gerandi var að vinna í sinni hegðun var maki stundum enn fastur í gömlu mynstri samskipta og hefði þurft leiðbeiningar til að breyta sinni hegðun. Þrástef maka var hversu lítið þeim fannst meðferðin koma þeim við. Misjafnt var hvort makar þeirra, þ.e. gerendur, vildu tjá sig um meðferðina svo þau upplifðu sig útilokuð frá meðferð. Meðferðin hafði bein áhrif inn á heimilið og þau samskipti sem þar fara fram og því hefðu makar viljað fá einhvers konar meðferð samhliða meðferð skjólstæðinga. En misjafnt var hvort mökum hafði verið boðið að fara í viðtal hjá Heimilisfriði, sumir höfðu farið í eitt viðtal á meðan að aðrir höfðu aldrei farið.

Þeir makar sem höfðu aldrei farið í viðtal voru ósáttir við að hafa ekki boðist viðtal: „Hann er að vinna í sínum málum og þú veist, ég veit samt ekkert hvað hann er að gera í rauninni. Og það væri rosa gott að fá að heyra bara, hvað er hann að gera?“ Annar viðmælandi sagði:

Tilfinningin mín er sú að við, ég hefði raun og veru þurft að vera í einhverju samhliða [...] af því að ég held að þegar verið að vinna með annan einstaklinginn og hinn er ekki, þá verður stórt gat.

Polendur töldu að þeirra sýn á vandann veitti mikilvægt innlegg inn í meðferðina og því væri gagnlegt að þeir væru meiri þátttakendur í bataúrræðinu. Einn þolandi lýsti hvernig hún vildi fá upplýsingar um meðferðina og taldi það mikilvægt til að vinna áfram í sambandinu en maki hafi ekki viljað ræða um meðferðina við hana:

Hann er þarna til þess að fá hjálp til þess að hætta já, hætta að vera vondur við mig. Og ég, mér kemur þetta ekki við. Þannig að hérna, það er kannski bara það. En ég hef fulla trú á því sem er verið að gera þarna, en hann var bara ekki alveg all in.

Polendur ræddu sambönd sín yfirleitt ekki á opinskáan hátt við fjölskyldu eða vini: „Ég ræði ekki sambandið mitt við neinn í umhverfi mínu af því mér finnst það bara rosalega óþægilegt.“ Þau hefðu viljað geta farið í meðferð til að ræða þessi mál við utanaðkomandi aðila.

Jafnframt er erfitt að enda ofbeldissamband. Viðmælandi sem ákvað að slíta sambandi við maka, þrátt fyrir að hann væri að vinna í sjálfum sér, ræddi hið flókna ferli að hætta í ofbeldissambandi: „Það tekur svo margar tilraunir að komast út úr svona

sambandi.“ Hún hefði einnig viljað fá stuðning þegar hún ákvað að slíta sambandinu. Ofbeldið hélt áfram og gerandi beindi því að henni og börnum hennar. Hvort sem markmiðið væri að vera áfram í sambandinu eða láta leiðir skilja þá þyrfti stuðning við hvort tveggja.

4.6.3 Hjónabandsráðgjöf, eftirfylgni og niðurgreiðsla meðferðar

Viðmælendur höfðu margir sótt viðtal hjá hjónabandsráðgjafa sem sinnir skjólstæðingum og mökum Heimilisfriðar. Reynsla viðmælenda af meðferðinni var bæði jákvæð og neikvæð. Karlkyns viðmælandi taldi sig hafa verið ranglega dæmdan fyrir útlit og vöxt. Honum fannst að verið væri að gera lítið úr hans reynslu sem þolandi ofbeldis:

Mér finnst eins og ég hafi verið þínu dæmdur fyrir það bara hreinlega að vera karlmaður og hérna, útlitinu, bara þegar ég kem þarna.

Kvenkyns viðmælandi sem fór í hjónabandsráðgjöf með sínum maka hafði jákvæða reynslu af ráðgjöfinni, hún sagði:

[Meðferðaraðilinn] tók alveg svona mjög mikið mína hlið og var smá svona hörð við hann. Sem að mér fannst bara mjög gott en honum fannst það náttúrulega ekki gott. Þú veist það er bara nauðsynlegt stundum að þeir sem eru að hegða sér eða ganga yfir mörk annarra að fá bara svolítið að heyra það.

Skjólstæðingar og makar voru sumir hverjir smeykir um að árangurinn sem næst af meðferð hrökkvi til baka og að „allt fari í sama farið aftur.“ Álag og breytingar gátu orðið til þess að fólk gleymdi sér og fór aftur í gamla farið. Því var kallað eftir eftirfylgni í kjölfar meðferðar, eins og kemur fram í eftirfarandi tilvitnun:

Áður en þú veist af er allt komið í sama farið, þú ert búinn að gleyma öllu sem [meðferðaraðilinn] sagði, ég held að til þess að ná betri árangri eða ná meiri árangri þá verði að vera einhverskonar eftirfylgni í boði.

Allir viðmælendur voru sammála um að niðurgreiðsla vegna meðferðar væri nauðsynleg þar sem fæstir höfðu efni á að greiða fyrir tíma hjá sálfræðingi:

Mér finnst það skipta öllu máli sko, ég hefði ekki farið til Heimilisfriðar ef þetta hefði kostað tuttugu kall tíminn... sko mig langar til þess að vera hjá sálfræðingi en ég bara hef ekki efni á því að eyða hundraðþúsund kalli á þriggja mánaða fresti í sálfræðings.

Hvatinn við að leita sér hjálpar var meðal annars að úrræðið væri niðurgreitt því annars hefði fólk ekki sótt meðferð, eins og viðmælandi sagði: „Sem við höfðum aldrei haft efni á því að fara í neitt ef við hefðum þurft að borga sjálf. Það hefði aldrei, við hefðum aldrei getað það, sama hversu mikið við hefðum viljað það.“ Saman höfðu þau einnig farið í hjónabandsráðgjöf.

Viðmælandi á landsbyggðinni ræddi mikilvægi þess að úrræði eins og Heimilisfriður stæði fólki á landsbyggðinni einnig til boða, því þrátt fyrir niðurgreiðslu þyrfti fólk að borga fyrir gistingu í borginni og ferðalagið til borgarinnar. Þessi kostnaður gat verið kostnaðarsamur og til hans mætti taka tillit þegar fólk utan af landi sækti meðferð:

Eins og fyrir mig hérna úti á landi eins og þú veist ég hef ekki bara verið að borga tímann ég hefði líka verið að borga ferðina suður fram og til baka, þannig að og það að mæta tvisvar, þrisvar í mánuði að þá er þetta orðin helvíti dýr meðferð. [...] Annað hvort það að dreifa þessu á landsbyggðina eða niðurgreiða ferðakostnað líka.

Símaviðtal stendur skjólstæðingum Heimilisfriðar til boða og nýtti viðmælandi utan af landi sér það þegar hann komst ekki til Reykjavíkur.

4.7 Opin svör spurningakannana

Í lok könnunar var skjólstæðingum og mökum gefinn kostur á að skrifa athugasemdir varðandi meðferðarúrræði Heimilisfriðar og skráði stór hluti svarenda athugasemdir. Svörin voru flokkuð og sett fram í töflum, annars vegar fyrir skjólstæðinga og hins vegar fyrir maka. Í heildina voru þeir sem svöruðu jákvæðir gagnvart meðferðinni og töldu hana hafa nýst skjólstæðingum.

4.7.1 Opin svör skjólstæðinga

Töflur 13 og 14 sýna flokkuð svör skjólstæðinga. Alls skráðu 43 svarendur athugasemdir og féllu sum svör í fleiri en einn flokk. Flestir skjólstæðingar sem skráðu athugasemdir lýstu almennri ánægju með Heimilisfrið og starfið sem þar fer fram. Ákveðnum meðferðaraðilum var hrósað sérstaklega en einnig kom fram gagnrýni á meðferðaraðila, þó hún væri fátíðari. Bent var á að þörf sé á að vinna meira með mökum samhliða meðferð skjólstæðinga. Í örfáum tilvikum töldu skjólstæðingar að meðferðin hefði ekki borið tilætlaðan árangur.

Tafla 13. Opin svör skjólstæðinga

	Fjöldi	Dæmi um ummæli
Ánægja með meðferðina	30	„Mjög ánægður með aðstoðina sem ég fékk og mæli eindregið með þessu fyrir alla. Mjög þakklátur“ „Frábært framtak sem virkaði.“ „Nauðsynlegt úrræði. Bjargaði mínu sambandi.“ „Þakka úrræðinu algjörlega með lífi mínu. Hefði það ekki verið til á sínum tíma þá hefði ég aldrei getað byrjað þá betrun sem átti sér stað og sömuleiðis beint mér á betri braut.“
Ánægja með ákveðna meðferðaraðila	8	„Rosalegt gott viðmót hjá manneskjunni sem tók viðtal við mig, mikill skilningur og umburðalindi og gott að tala við hana.“ „Ég var mjög ánægð með minn ráðgjafa, féll eins og flís við rass.“

Tafla 14. Opin svör skjólstæðinga frh.

	Fjöldi	Dæmi um ummæli
Pörf á að vinna meira með mökum	5	„Það væri gott að vinna samhliða með þolandanum líka “ „Ég tel að það þurfi líka að halda utan um þolandur og vinna í samstarfi. “ „finnst að paravinna mætti vera meira, að tala við maka [...], ég fór útaf ásökunum, maki hefði þurft að fara og mætti ekki.“
Telur sig ekki gerenda	4	„Þetta hjálpaði mér útúr ofbeldi þar sem ég var þolandi, [...] meðferðaraðili benti mér á meðvirkni og koma mér frá fyrrverandi maka [...], fer inn sem ofbeldismaður kemur í ljós mikil meðvirkni og er þolandi frekar en ofbeldisaðili. “ „Það er maki minn sem vandinn snýst um, en að mínu mati er hún haldinn borderline persónuleikaröskun. Ég á líka í erfiðleikum með samband mitt við uppkomin börn mín, en tel ekki að það tengjast ofbeldi af minni hálfu. “
Óánægja með ákveðna meðferðaraðila	2	„Ég er mjög óánægður með hana.“
Önnur meðferð en hjá Heimilisfriði hjálpaði	2	„Ekki viss um að meðferðin hafi haft mikil áhrif - byrjaði að taka lyf sem voru gefin af heimilislækni sem hafa reynst vel.“
Spurningalisti nær ekki yfir ofbeldishegðun	2	„[Ég] beitti andlegu ofbeldi, finnst spurningarnar ekki ná utan um hegðunina sem ég beitti.“
Mikilvægi niðurgreiðslu	1	„Ég er mjög þakklátur fyrir að geta ennþá sótt úrræðið þar sem óniðurgreiddir sálfræðitímar eru [ekki] eitthvað sem ég gæti sótt jafn oft.“
Kom til Heimilisfriðar sem maki en er einnig gerandi	1	„Þótt ég hafi komið inn sem maki sem var beittur ofbeldi þá var ég líka gera það. Ég áttaði mig á því og mæli eindregið með þessu.“
Pörf á meiri eftirfylgni	1	„Ég er svolítið óánægður með að það var engin eftirfylgni.“

4.7.2 Opin svör maka

Í töflum 15 og 16 má sjá opin svör maka eftir flokkum. Alls skráðu 28 þeirra athugasemdir um meðferð Heimilisfriðar og féllu sum svör í fleiri en einn flokk. Rúmlega helmingur maka tjáði ánægju sína með meðferð Heimilisfriðar en nokkrir sögðu meðferðina ekki hafa hjálpað. Nokkrir makar sögðu reynslu af ákveðnum meðferðaraðilum góða en aðrir lýstu óánægju með meðferðaraðila. Líkt og sumir skjólstæðingar þá nefndu nokkrir makar að huga þyrfti betur að mökum í meðferðinni þannig að makar væru meiri þátttakendur í meðferðarferlinu. Kallað var eftir meiri eftirfylgni og að kynna mætti Heimilisfrið betur fyrir almenningi.

Tafla 15. Opin svör maka

	Fjöldi	Dæmi um ummæli
Ánægja með meðferðina	15	„Mæli með þessu fyrir alla, hefur bjargað mér og makanum og fjölskyldunni.“ „Það hefur orðið mikil breyting á okkar heimilislífi og við erum mjög þakklát fyrir úrræðið“ „Rosalega þakklát fyrir þá þjónustu sem við fengum, [...] þetta var eina úrræðið í boði sem hentaði okkur, þetta bjargaði hjónabandinu.“ „Maðurinn minn [...]fékk faglega og góða aðstoð sem hefur nýst og mun nýtast vel til frambúðar.“ „Þetta bjargaði lífinu okkar, [...] við værum ekki saman í dag ef við hefðum ekki fengið þessa ómetanlega hjálp.“
Meðferð bar ekki tilætlaðan árangur	5	„Finnst þetta lítið hafa gert fyrir makann, þ.e. til að breyta hegðuninni, m.v. Það litla sem hann sagði mér um sína tíma þá var hann með konuna (sálfræðinginn) þar sem hann vildi hafa hana. Ef eitthvað er þá er hann mun verri/ljótari í hegðun og tali undanfarna mánuði en áður.“ „Einu skilaboðin sem hann fékk úr tímanum var að við værum bæði að beita hvort annað andlegu ofbeldi. Fyrir mann sem áttar sig ekki á alvarleika málsins eru þetta ekki góð skilaboð. [...] Við maki minn vorum sammála um að þessir tímar væru ekki þess virði fyrir sambandið okkar.“ „Ég var sáttt við heimilisfrið, [...] gott að hafa þetta úrræði þó ekki hafi þetta hjálpað í okkar tilfelli.“
Ánægja með ákveðna meðferðaraðila	4	„[Meðferðaraðili] er besti úrræðaaðili sem ég hef hitt, vildi að það væru til fleiri eins og hann, og vil þakka kærlega fyrir.“ „Maðurinn minn á enn langt í land en hann hefur breyst til muna, ég vona bara að hann verði alltaf hjá [meðferðaraðila], hann bjargaði lífi mannsins míns.“
Þörf á að vinna meira með mökum	4	„Ef hægt væri að báðir aðilar væru í stuðningi samhliða því þetta er rosalega mikið átak.“ „Mjög gott ef báðir aðilar þyrftu að líta í eigin barm og horfast í augu við jákvæða og neikvæða galla, mun meiri styrkur og sigur að báðir vinna í þessu.“

Tafla 16. Opin svör maka frh.

	Fjöldi	Dæmi um ummæli
Óánægja með ákveðna meðferðaraðila	4	„Vorur ekki ánægð með hjónabandsráðgjafa, hún var eins og með fordóma. Það er ekki gott að mæta þannig viðhorfi í þessum aðstæðum.“
Þörf á meiri eftirfylgni	3	„Það vantaði meiri eftirfylgni, fyrrverandi fór í smá sjálfsvinnu og hélt hún væri ”læknuð”.“
Úrræðið þyrfti að kynna betur	2	„Mætti auglýsa betur, margir sem ég segi frá þessu hafa ekki heyrt af þessu.“ „Þetta má vera sýnilegra því það gæti hjálpað fullt af fólki.“
Önnur meðferð en hjá Heimilisfriði hjálpaði	2	„Ég get því miður ekki þakkað þessu meðferðarúrræði hjá Heimilisfriði fyrir bættu framkomu maka míns - það kom til með öðrum hætti.“
Spurningalisti nær ekki yfir ofbeldishegðun	2	„Þessi könnun á ekki beint við um okkar aðstæður þar sem aldrei hefur verið um líkamlegt ofbeldi að ræða. Maðurinn minn fór til heimilisfriðar vegna þess að hann beitti andlegu ofbeldi og fýlustjórnun og kynni engar aðrar leiðir í samskiptum.“
Mikilvægi niðurgreiðslu	1	„Frábært að þetta sé í boði fyrir gerendur [...], finnst persónulega vanta mótvægi, [...] ekkert niðurgreitt úrræði fyrir þolanda.“
Kom til Heimilisfriðar sem maki en er einnig gerandi	1	„Ég sjálf er í viðtölum hjá sálfræðingi á vegum Heimilisfriðar því ég hef einnig beitt maka minn andlegu ofbeldi.“

4.8 Samanburður við rannsókn frá árinu 2013


Árið 2013 framkvæmdi Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF), fyrir hönd Velferðarráðuneytisins, úttekt á meðferðarúrræði sem nefndist Karlar til ábyrgðar og kom Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að framkvæmdinni. Lögð var fyrir spurningakönnun fyrir karla sem þáðu meðferðarúrræðið og maka þeirra. Karlar til ábyrgðar var, eins og nafnið bar með sér, eingöngu ætlað körlum en úrræðið hefur síðan verið útvíkkað til að veita meðferð öllum sem beita ofbeldi í nánum samböndum, óháð kyni. Í rannsókninni sem þessi skýrsla tekur til var í grunninn notast við spurningakönnunina sem lögð var fyrir árið 2013 með það að markmiði að bera saman niðurstöður rannsókna tveggja. Eftirfarandi myndir bera saman breytingar á samskiptum og hegðun skjólstæðinga eftir meðferð, annars vegar hjá þeim sem voru í meðferð á árunum 2017-2023 og svöruðu könnun árið 2023 og hins vegar þeir sem voru í meðferð árin 2006-2013 og svöruðu könnun 2013.

Notast var við Z-próf til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur sé á hlutfalli innan þessara tveggja hópa.

4.8.1 Skjólstæðingar


Hlutfallið sem sýnt er í mynd 17 byggir á fjölda skjólstæðinga sem svara að samskipti þeirra séu betri en þau voru áður en viðkomandi byrjaði í meðferð. Munur var á orðalagi spurninganna milli ára, en árið 2013 var spurt um samskiptin fyrir og eftir meðferð

en árið 2023 var spurt um hvernig samskiptin voru síðastliðna þrjá mánuði miðað við hvernig þau voru í hefðbundnum mánuði áður en viðkomandi hóf meðferð. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á milli svara þátttakenda 2023 og 2013. Ef skoðuð er lýsandi tölfræði fyrir hópana sést að í flestum tilfellum er árið 2023 hærra hlutfall skjólstæðinga sem telur samskipti sín við hópana sem spurt er um betri, samanborið við árið 2013 að undanskildum samskiptum við maka. Árið 2023 merktu 85% skjólstæðinga við að samskipti sín við maka sinn síðastliðna þrjá mánuði væru almennt séð betri en þau voru fyrir meðferð og mikill meirihluti (93%) svarenda árið 2013 taldi samskipti sín við maka betri en þau voru fyrir meðferð. Árið 2023 töldu 77% svarenda að samskipti sín við börn þeirra eða stjúpbörn væru betri en þau voru í hefðbundnum mánuði fyrir meðferð og 60% svoruðu því sama árið 2013. Rösklega helmingur svarenda sagði samskipti við nána ættingja betri en þau voru fyrir meðferð árið 2023 en rétt tæplega helmingur var á sömu skoðun árið 2013. Að lokum kom fram að helmingur svarenda sagði samskipti sín við vini og kunningja betri síðastliðna þrjá mánuði en þau voru í hefðbundnum mánuði fyrir meðferð árið 2023 samanborið við 38% árið 2013. Þar sem munurinn er ekki tölfræðilega marktækur er ekki hægt að staðhæfa hvort árangur meðferðanna á samskipti skjólstæðinga á þessum tveimur tímabilum sé ólíkur.




Mynd 17. Hlutfall þeirra sem segja samskipti sín við eftirtalda aðila mun eða heldur betri en áður en þeir hófu meðferð

Spurt var hvort breyting hefði orðið á þeim tíma sem skjólstæðingar verja með vinum og kunningjum annars vegar og nánum ættingjum hins vegar eftir að meðferð hófst. Mynd 18 sýnir að hlutfall er svipað milli ára, í kringum 30% verja meiri tíma með vinum og kunningjum og í kringum fjórðungur skjólstæðinga ver meiri tíma með nánum ættingjum. Hlutföllin fyrir báðar spurningar eru örlítið hærri árið 2023 miðað við 2013 en munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.



Mynd 18. Hlutfall þeirra sem segjast verja mun eða heldur meiri tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en þeir hófu meðferð


Mynd 19 sýnir samanburð á svörum skjólstæðinga árin 2013 og 2023 við spurningum um breytingar á eigin hegðun eftir að meðferð hófst. Yfir 90% svarenda voru sammála því að þeir sýndu maka betri skilning bæði árin. Svörin voru að sama skapi mjög sambærileg milli ára þegar spurt var um frammistöðu sem foreldri. Hins vegar er tölfraðilega marktækur munur á svörum skjólstæðinga milli ára þegar þeir máttu frammistöðu sína við krefjandi aðstæður og hvernig þeim semdi við annað fólk. Árið 2023 var 80% svarenda sammála því að þeir ættu auðveldara með að halda ró sinni við ögrandi aðstæður en árið 2013 voru 94% sammála fullyrðingunni. Mestur munur milli ára má sjá þegar skjólstæðingar tóku afstöðu til fullyrðingarinnar „mér semur betur við annað fólk,“ 63% voru sammála því árið 2023 en 81% voru sammála 2013. Hvað þessar spurningar varðar virðast skjólstæðingar því hafa talið hegðun sína hafa tekið meiri breytingum árið 2013 en árið 2023.



Mynd 19. Hlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst eftir að þeir hófu meðferð hjá Heimilisfriði


4.8.2 Makar

Mynd 20 ber saman hverju makar svöruðu þegar spurt var um hegðun maka þeirra eftir að þeir hófu meðferð. Hlutföllin eru nokkuð svipuð milli ára en þó má sjá að árið 2023 voru svarendur aðeins líklegri til að segja að maki þeirra væri betra foreldri/stjúpforeldri en í fyrri rannsókninni. Aftur á móti sagði hærra hlutfall svarenda árið 2013 að maka semji betur við annað fólk en árið 2023. Í hvorugu tilviki er þó um tölfræðilega marktækun mun að ræða.



Mynd 20. Hlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála því að eftirfarandi hegðun hafi breyst hjá maka/fyrirverandi maka eftir að hann hóf meðferð hjá Heimilisfriði

Mynd 21 lýtur að breytingum á samverutíma maka með vinum og kunningjum annars vegar og nánum ættingjum hins vegar eftir að maki þeirra hóf meðferð. Þar sést að marktækur munur er á milli tímabila þar sem 44% svarenda sögðu árið 2023 að þeir verji meiri tíma með vinum og kunningjum eftir að maki hóf meðferð samanborið við að 21% svöruðu því sama árið 2013. Tæplega þriðjungur sagðist verja meiri tíma með nánum ættingjum árið 2023 en 15% svöruðu á sömu leið árið 2013, en sá munur er ekki tölfræðilega marktækur.



Mynd 21. Hlutfall þeirra sem segjast verja mun eða heldur meiri tíma í eftirfarandi, samanborið við áður en maki/fyrirverandi maki hóf meðferð

5 Lokaorð

Rannsóknin á meðferðarúrræði Heimilisfriðar var gerð meðal skjólstæðinga og maka þeirra sem leituðu sér meðferðar á árunum 2017–2023. Notast var við blandaða aðferð þar sem spurningakönnun var lögð fyrir þátttakendur og 11 viðtöl tekin við einstaklinga sem höfðu svarað könnun.

Almenn ánægja ríkti hjá skjólstæðingum og mökum með meðferðarúrræðið og dregið hafði úr ofbeldisbeitingu þeirra sem sóttu meðferð. Fyrir meðferð var tíðni andlegs ofbeldis hærrí en tíðni líkamlegs ofbeldis. Samkvæmt svörum skjólstæðinga höfðu þeir beitt nær engu líkamlegu ofbeldi eftir að meðferð hófst og mun minna andlegu ofbeldi. Makar töldu einnig að dregið hefði meira úr líkamlegu ofbeldi en andlegu. Meðferðin virðist því hafa meiri áhrif á að uppræta líkamlegt ofbeldi í samanburði við andlegt ofbeldi, sem rímar við niðurstöður á úttekt á sambærilegu meðferðarúrræði, Karlar til ábyrgðar, frá árinu 2013 (Ásdís Arnalds o.fl., 2014) og nýlegri norskrí rannsókn (Aske-land o.fl., 2021). Þegar svör skjólstæðinga Heimilisfriðar og maka eru borin saman sést að makar greindu frá hærri tíðni ofbeldis og því gætu skjólstæðingar vanmetið það ofbeldi sem þeir beita. Í viðtölunum kom fram að gerendur höfðu ekki alltaf áttað sig á að hegðun þeirra væri ofbeldisfull. Skjólstæðingar voru sumir áhyggjufullir yfir að falla aftur í sama farið og hefðu óskað að fá áframhaldandi stuðning að meðferð lokinni.

Í flestum tilfellum bjuggu börn á heimilum þeirra sem tóku þátt í rannsókninni. Ofbeldi í nánnum samböndum hefur áhrif á alla á heimilinu, ekki síst börnin. Í viðtölum kom fram að börn horfðu upp á ofbeldi foreldra sinna og var jafnvel blandað í ofbeldið. Rýna þarf betur í áhrif ofbeldis á börn og gæta þess að börn sem búa við heimilisofbeldi fái stuðning.

Mökum býðst venjulega viðtal hjá Heimilisfriði en sumir höfðu aldrei farið í makaviðtal. Makar óskuðu eftir aukinni aðkomu að meðferð og vildu fá tækifæri til að ræða nánar við meðferðaraðila skjólstæðings, því að þeirra mati þyrfti fleiri en einn tíma til að gera grein fyrir ástandinu á heimilinu. Ákveðin samskiptamunstur höfðu oft fests í sessi og vildu makar einnig fá leiðbeiningar um hvernig þeir gætu breytt viðbrögðum sínum í takt við breytta hegðun geranda. Í einhverjum tilfellum svöruðu þolendur ofbeldi með ofbeldi sem þau vildu breyta í eigin fari. Þetta er hegðun sem er kölluð „reactive abuse“, þar sem þolandi tekur til varna. Ofbeldi í nánnum samböndum er tabú og fannst þolendum þeir sitja einir með reynsluna en vildu geta rætt ofbeldið við fagaðila.

Niðurgreiðsla úrræðisins skipti máli fyrir skjólstæðinga og maka þeirra, því án niðurgreiðslu töldu þeir sig ekki hafa efni á að leita sér hjálpar. Þau úrræði sem þolendum ofbeldis standa til boða í samfélaginu eru af öðrum toga en Heimilisfriður býður upp á og hefðu makar einnig viljað fá sértæka meðferð sem þolendur ofbeldis, sem þyrfti líka að vera niðurgreidd. Greining viðtala leiddi í ljós að viðmælendur höfðu oft seint leitað meðferðar hjá Heimilisfriði og eru vísbendingar um að kynna mætti úrræðið betur í samfélaginu.

Heimilisfriður veitir gerendum meðferð óháð kyni, en þrátt fyrir að konur og karlar verði bæði fyrir ofbeldi þá sýna rannsóknir að konur verða frekar fyrir heimilisofbeldi en karlar og gerendur eru oftast karlar en konur (Kimmel, 2002). Skjólstæðingar sem svöruðu spurningakönnuninni voru að miklum meirihluta karlar og nær allir makar sem svöruðu könnuninni voru konur. Þátttakendur voru upp til hópa gagnkynhneigðir og

enginn svarandi var samkynhneigður, en líkt og rannsóknir benda á hefur ríkt ákveðin þöggun í kringum ofbeldi í samkynja samböndum (Rollè o.fl., 2018), sem vekur upp spurningar um hvort fólk í samkynja samböndum leiti síður meðferðar við ofbeldi eða hvort það kaus að svara ekki könnuninni. Því er vert að hafa í huga hvort þetta sé hóp-ur sem þurfi sérstaklega að nálgast. Í skýrslu sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg um ofbeldi í nánnum samböndum sem hinsegin fólk verður fyrir eru settar fram tillögur til að sporna við ofbeldinu (Reykjavíkurborg, 2018), ekki er ljóst hvort þær séu komnar til framkvæmda. Það má segja að ákveðin viðleitni sé fólgin í því að nafni úrræðisins hafi verið breytt úr Karlar til ábyrgðar yfir í Heimilisfrið. Með því er viðurkennt að fólk sé ekki bara í gagnkynja samböndum og að konur geti líka beitt ofbeldi. Skýrsla starfshópsins nefnir ekki þetta úrræði en leggur áherslu á mikilvægi þess að þjónustuveitendur aðlagi þjónustu sína að hinsegin fólk.

Í rannsókn um viðkvæm málefni líkt og hér á í hlut er nauðsynlegt að huga að ýmsum siðferðislegum þáttum. Mikilvægt er að skjólstæðingar sem nýta þjónustu Heimilisfriðar og makar þeirra fái við upphaf meðferðar upplýsingar um að reglulega sé gerð rannsókn á gæðum þjónustunnar og að þeim gæti boðist að taka þátt í slíkri rannsókn, jafnvel nokkrum árum eftir að meðferð hefur lokið.

Í heildina benda niðurstöður til að meðferð Heimilisfriðar nýtist vel þeim sem beita ofbeldi í nánnum samböndum. Aftur á móti eru nokkrir þættir sem taka þarf frekara tillit til: stuðning við maka og börn, betri kynningu á úrræðinu og eftirfylgni að lokinni meðferð. Einnig er brýnt að huga að því að úrræðið nýtist sem best fjölbreyttum hópi fólks í samfélaginu.

6 Heimildaskrá

- Aurini, J. D., Health, M. og Howells, S. (2016). *The how to of qualitative research*. London: Sage Publications.
- Askeland, I. R., Birkeland, M. S., Lømo, B. og Tjersland, O. A. (2021). Changes in violence and clinical distress among men in individual psychotherapy for violence against their female partner: an explorative study. *Frontiers in psychology*, 12:710294. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2021.710294>
- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir og Hafsteinn Einarsson (2014). *Úttekt á meðferðarúrræðinu Karlar til ábyrgðar*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Bradburn, N. M., Sudman, S. og Wansink, B. (2004). *Asking questions: the definitive guide to questionnaire design—for market research, political polls, and social and health questionnaires*. John Wiley & Sons.
- Creswell, J. W. (2012). *Educational Research: Planning, Conducting, Evaluating Quantitative and Qualitative Research (4. útg.)*. Boston: Pearson Education.
- Eckhardt, C. I., Murphy, C. M., Whitaker, D. J., Sprunger, J., Dykstra, R. og Woodard, K. (2013). The effectiveness of intervention programs for perpetrators and victims of intimate partner violence. *Partner Abuse*, 4(2), 196–231. <https://doi.org/10.1891/1946-6560.4.2.196>
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. McGraw-Hill.
- Hearn, J. og Collinson, D. (2017). Men, masculinities and gendered organizations. Í R. Aldag & S. Nkomo (ritstj.), *Oxford research encyclopedia of business and management* (bls. 1–35). Oxford University Press.
- Heimilisfriður. (2023). *Um Heimilisfrið*. Sótt af vefsíðu 1. desember 2023: Meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum. <https://heimilisfridur.is/>
- Jónasdóttir, D., Thorsteinsdóttir, T., Ásgeirsdóttir, T. L., Lund, S. H., Arnarsson, E. Ö., Ashikali, E., ... og Mogensen, B. (2021). Women and intimate partner violence: Prevalence of hospital visits and nature of injuries in the Icelandic population. *Scandinavian journal of public health*, 49(3), 260–267. <https://doi.org/10.1177/1403494820916093>
- Karakurt, G., Koç, E., Çetinsaya, E. E., Ayluçtarhan, Z. og Bolen, S. (2019). Meta-analysis and systematic review for the treatment of perpetrators of intimate partner violence. *Neurosci. Biobehav. Rev.* 105, 220–230. <https://doi.org/10.1016/j.neubio rev.2019.08.006>
- Kimmel, M. S. (2002). 'Gender symmetry' in domestic violence: A substantive and methodological research review. *Violence Against Women*, 8(11), 1332–1363. <https://doi.org/10.1177/107780102237407>
- Kvale, S. og Brinkmann, S. (2009). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing (2. útg.)*. Sage.
- Rollè, L., Giardina, G., Caldarera, A. M., Gerino, E., og Brustia, P. (2018). When intimate partner violence meets same sex couples: A review of same sex intimate partner violence. *Frontiers in psychology*, 9, 1506. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2018.01506>
- Sigurður Kristinsson og Arnrún Halla Arnórsdóttir. (2021). Grunnþættir í siðfræði rann-

- sókna. Í Sigríður Halldórsdóttir, (ritstj.). *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 99–115). Háskólinn á Akureyri.
- Reykjavíkurborg. (2018). *Skýrsla starfshóps sem á að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem hinsegin fólk verður fyrir*. Reykjavíkurborg, Mannréttindaskrifstofa. Sótt 19. nóvember 2023: https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjo_l_utgefid_efni/skyrsla_um_heimilisofbeldi_sem_hinsegin_folk_verdur_fyrir.pdf
- Smedslund, G., Dalsbø, T. K., Steiro, A. K., Winsvold, A., og Clench-Aas, J. (2011). Cognitive behavioural therapy for men who physically abuse their female partner. *Campbell System. Rev.*, 7, 1–25. <https://doi.org/10.1002/14651858.CD006048.pub2>
- Wilcox, T., Greenwood, M., Pullen, A., O’Leary Kelly, A., og Jones, D. (2021). Interfaces of domestic violence and organization: Gendered violence and inequality. *Gender, Work & Organization*, 28(2), 701–721. <https://doi.org/10.1111/gwao.12515>
- UNODC. (2018). *Global Study on Homicide. Gender-related killing of women and girls*. UNDOC. https://www.unodc.org/documents/data-and-analysis/GSH2018/GSH18_Gender-related_killing_of_women_and_girls.pdf
- WHO. (2021, 9. mars). *Violence against women*. <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/violence-against-women>